

**ÞEIT  
EINTAK**

# SIRKUS

9. JÚNÍ 2006 | 23. VÍKA

**TATTÚHÁTÍÐ  
Í FYRSTA  
SINN Á  
ÍSLANDI**

**TÍSKA, ILMVÖTN  
OG SNYRTIVÖRUR**

**HEITUSTU FOLARNIR  
STELPURNAR  
SPÁ Í HM**

**HVERJIR  
NOTA HVAÐA  
MSN-NÖFN?**

# HÁTÍÐIR OG AFTUR HÁTÍÐIR

NÚ UM HELGINA FER TÓNLISTARHÁTÍÐIN BRIGHT NIGHTS FRAM Í GUÐSGRÆNNI NÁTTÚRU GNÚPVERJAHREPPS. ÍSLENDINGAR ERU KOMNIR Í HÁTÍÐASTUÐ, FÓRU Á REYKJAVÍK TRÓPÍK, FLYKKJAST Í METFJÖLDA Á HRÓARSKELDU OG UNDIRBÚA HEILAN MÁNUÐ AF HM-STUÐI.

**+ ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA UM MENNINGAR- OG SKEMMTANALÍFIÐ Í REYKJAVÍK**


**FÁTT ER BETRA EN AÐ SETJAST Í DIMMAN BIÓSAL OG LÁTA HRÆÐA ÚR SÉR LÍFTÓRUNA. ÞETTA VITA MARGIR OG MUN ÞVÍ EFLAUST VERA ÞÉTT SETIÐ Á HROLLVEKJUNNI THE OMEN UM HELGINA.**

Það komust eflaust færri en vildu til að sjá hrollvekjuna The Omen þegar hún var frumsýnd út um allan heim á þriðjudaginn. Þá var vitanlega sjötti dagur sjötta mánaðar sjötta árs árbúsundsins, mjög viðeigandi dagsetning til að vekja upp andkrist í kvikmyndahúsum heimsins.

The Omen er endurgerð á samnefndri mynd frá 1976 og þykir hafa heppnast mjög vel. Litli drengurinn, sem breytist í andkrist og gerir allt brjálað hvar sem hann fer, er með eindæmum skuggalegur. Marga hryllir við að horfa á strákinn, enda hrikaleg tilhugsun að einhver af guttunum í kringum okkur taki jafn helvíska u-beygu og hann.

Liev Schreiber og Julia Stiles fara með hlutverk foreldranna en með hlutverk litla Damien fer drengur að nafni Seamus Davey-Fitzpatrick. Djöfulleg barnfóstra hans er leikin af Miu Farrow. Það leikaraval er viðeigandi því Farrow fór með aðalhlutverkið í Rosemary's Baby, hrollvekju um fæðingu andkrists á svipuðum tíma og gamla Omen var gerð. Fleiri vísanir í gömlu myndina er að finna, því Harvey Stephens, sem lék litla Damien árið 1976, mætir aftur til leiks sem blaðamaður.

Sem sagt, ferð á Omen er kjörin leið til að eyða kvöldstund og láta hrista aðeins upp í taugunum á sér.



# 666 LITILL OG SKUGGGALEGUR ANDKRISTUR

## SIRKUS MÆLIR MEÐ

Sirkus mælir svo sannarlega með bókinni Endalaus orka þar sem eru yfir 200 bráðhollir ávaxta- og grænmetisdrykkir fyrir alla eldhressa. Þarna eru hin ýmsu ráð sem hjálpa manni að skilja það hvernig sumir ávextir fara illa í mann og aðrir vel, hvenær dags er gott að skella í sig gulrótarsafa og hvenær appelsínusafa. Hvort greipdjús sé góður fyrir svefn eða ekki. Kíkið á bókina, Vala Matt mælir líka með henni og það hlýtur að þýða að hún klikkar ekki.



Sirkus mælir með plötunni Broken Boy Soldier með The Raconteurs, nýju hljómsveit Jacks White úr White Stripes. Lagið Steady As She Goes er nú þegar að gera góða hluti og er komið á toppinn á lista X-ins. Platan öll er svöl og fagna margir því að Jack sé loksins kominn með almennilegan trommuleikara, eins og Meg er flott þá þykir hún oft ansi einhæf með kjuðana.



Eins og glöggir hafa kannski áttað sig á mælir Sirkus með Bright Nights Festival sem er skipt á þrjú daga, frá deginum í dag og til sunnudags. Það er um að gera að hætta snemma að vinna í dag, versla gott í matinn og slá helginni upp í geggjadan kokkteil. Smá af öllu, tónleikar, öl og tjaldútilega með tilheyrandi. Kíkið á Árnes sem er staðsett í minni Þjórsárdalsins, um 97 km frá Reykjavík. Bright Nights er málið. Þældénú!

### SIRKUSÁVARPIÐ

## SUMARIÐ ER TÍMI HÁTÍÐANNA

Það fer ekki milli mála að sumarið er komið í allri sinni mynd. Ekki það að veðrið hafi verið til fyrirmyndar síðustu daga heldur vegna þess að nú er bjart allan sólarhringinn og sumarhátíðirnar komnar á fullt. Reykjavík Tróþík fór fram með miklum glæsibrag um síðustu helgi, þrátt fyrir hnökra, og er vonandi að hún lifi áfram. Þessa helgina eru þrjú ungir Reykvikingar síðan að skipuleggja metnaðarfulla tónlistarhátíð í Gnúpverjahreppi, Bright Nights. Þar verður boðið upp á ógrynnin öll af tónlist auk þess að myndlistarmenn mæta í bunkum til að gleðja augað og andann. Við hvetjum alla sem geta til að kíkja. Þá er vinsælasta tónlistarhátíð Íslendinga erlendis, Hróarskelda, á næsta leyti og eins og kemur fram í Sirkus í dag er metfjöldi Íslendinga á leiðinni þangað. Síðast en ekki síst hefst ein stærsta hátíð sumarsins um helgina. Sjálft Heimsmeistaratótið í fótbolta. Allan júnímánuð verður standandi partý í Þýskalandi, sem teygir anga sína inn í stofur og vinnustaði út um allan heim. Og þá er bara eitt að gera ... skemmtið ykkur vel.



Tinni Sveinsson

## SIRKUS

365

**Auglýsingastjóri:** Jóhannes Már Sigurðarson

**Kynningarstjóri:** Guðmundur Arnar Guðmundsson

**Sölustjóri:** Hörður Jóhannesson

hordur.johannesson@365.is

**Ritstjóri:** Tinni Sveinsson

**Ritstjórn:** Halldór Halldórsson, Hjörvar

Hafliðason og Sigríður Ella Jónsdóttir.

Áskrift: 550 5000 / askrift@365.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja



Forsíðumyndina tók Hari af Reyni, Jóhanni Helga og Halldóru, skipuleggjendum Bright Nights-hátíðarinnar.

## EFNI

- 4 – Bríet Sunna skefur ekki af hlutunum
- 6 – Reykjavík Tróþík í máli og myndum
- 7 – Húðflúrarar fara úr fótunum
- 9 – Heitustu gæjarnir á HM
- 12 – Metaðsókn Íslendinga á Hróarskeldu
- 16-17 – Bright Nights fer á flug
- 18 – Neytendur fara í stríð við iPod
- 19 – Hver verður valin Pravdaprinsessan?
- 26 – Fékk jakkaföt Ólafis Thors og fór í heitan pott
- 27-29 – Allt sem þú vilt vita um menningar- og skemmtanalífið í Reykjavík



# Sumarið er salat

KFC Zinger salat



pipar / sía

Opið alla daga frá kl: 11.00 - 22.00

**KFC**

Reykjavík • Hafnarfirði • Selfossi  
Kópavogi • Mosfellsbæ • Reykjanesbæ

## YFIRHEYSLAN



BRÍET SUNNA SIGRÆÐI HJÖRTU LANDSMANNA Í IDOL-KEPPNINI Í VETUR. Á ENDANUM HAFNAÐI HÚN Í 3. SÆTI OG VAR SEINNA TILKYNNNT AÐ SJÁLFUR EINAR BÁ BÁ HEFÐI TEKIÐ HANA UNDIR SINN VÆNG. SIRKUS SMELLI SÍMTALI Á KELLUNA OG LÉT SPURNINGUNUM RIGNA YFIR HANA.

## SIRKUS MÆLIR EKKI MEÐ



Þriggja daga helgar eins og síðustu helgi eru stórhættulegar. Sirkus mælir sterklega gegn því að fólk sé að hella í sig alla dagana því þá fer allt í rugl. Mánudagur verður sunnudagur, þriðjudagur verður mánudagur og koll af kolli. Þess vegna munaði minnstu að blaðið kæmi út á laugardegi.

Sirkusmynd - Petur



Kvikmyndin 16 blocks lítur ekkert illa út, en hún er alls ekki góð. Ófrumleg, fyrirsjáanleg og hálf illskiljanlega á köflum. Bruce þarf að taka að sér aðeins betri hlutverk, ætli hann að halda í hitann. Það er alveg víst.



Sirkus mælir engan veginn með ofnæmi, nema ef þú ert týpan sem segist vera með ofnæmi fyrir lygum. Frjókornaofnæmi er algjör skratti á sumrin og því allir hnerarar beðnir um að drífa sig til læknis því ef nefúði og pillur geta ekki grajað þetta, eru núna komnar eittraðar sprautur.



EKKI fá ykkur tattú á djamminu. Sirkus er algjörlega á móti því. Á tattúhátíðinni um helgina verður boðið upp á flúr á skemmtistöðum og það þýðir ekkert að vera nýkominn af sjó og láta setja dreka í smettið á sér. Það er líka helluð þynnka.

# MYNDI POTTÞÉTT SOFA HJÁ ELVIS PRESLEY

### SPAUGSTOFAN EDA STELPURNAR?

Ég held að ég segi Stelpurnar, þær eru svo miklar skvísur. Ég lít upp til þeirra.

### UPPÁHALDS IDOL-STJARNA FRÁ UPPHAFI?

Eiríkur Hafdal, maður getur lært svo ótrúlega margt af honum.

### TRAFFIC EDA YELLO?

Hápunkturinn er málið. Það er staðurinn minn. Alltaf brjálæðislega góðir plötusnúðar, algjörlega vinsælasti staðurinn í Keflavík.

### HVORT HELDURÐU MEÐ ÞÝSKALANDI EDA FÍLBEINSSTRÖNDINI Á HM?

Þýskalandi, það eru svo sætir strákar í þar.

### FINNST ÞÉR AÐ ÍNA ÆTTI AÐ TAKA SKROKKINN Í TÆTLUR?

Nei, alls ekki. Hún geðveikt sæt eins og hún er.

### LESTU FYRIR MIG SÍÐASTA SMS-ÍÐ SEM ÞÚ FÉKKST OG FRÁ HVERJUM ER ÞAÐ?

Það var frá siminn.is „Jan Mayen Lada Sport og restin í 88 húsinu frítt inn“



### EF ÞÚ FENGIR AÐ VELJA EINA MANNESKJU Í MANNKYNSSÖGUNNI TIL SOFA HJÁ, HVER YRÐI FYRIR VALINU?

Elvis Presley, hann er svo drullufokking flottur. Ég er mikil Presley manneskja.

### SAMGLEÐSTU BUBBA Á AFMÆLISDAGINN?

Já, mjög mikið, en samt frekar creepy afmælisdagur.

### Á HVADA MYND FÓRSTU SÍÐAST AÐ GRENJA YFIR?

King Kong, ég grenjaði í lokin þegar apinn dó. Hágrenjaði alveg.



### ERTU TAPSÁR?

Ég er ógeðslega tapsár, vil taka það fram að ég vann Ingó í sveitarace-inu í Idolinu og hann er mjög tapsár. Ég rústaði honum.

### FER Í TAUGARNAR Á ÞÉR EF EINHVER ÓFRÆGUR REYNIR VIÐ ÞIG?

Nei alls ekki, bara ef hann er sætur þá er fínt.

### EF ÞÚ FENGIR TÆKIFÆRI TIL AÐ HITTA RUBEN STUDDARD, HVERJU MYNDIRÐU SPYRJA HANN AÐ?

Ég myndi ekki spyrja hann, bara knúsa hann. Hann er eflaust uppáhalds knúsistrákurinn.

### SKIPTIR STÆRÐ MÁLI?

Hún skiptir eiginlega mjög miklu máli. Bæði þykktin og lengdin og allt.



### HVOR HELDURÐU AÐ MYNDI VINNA Í SLAG KARATEMAÐUR EDA JÚDÓMAÐUR?

Júdómaður, það eru svo mikið af smooth brögðum.

### BÚDU TIL SPURNINGU FYRIR NÆSTA VIÐMÆLANDA

„Hvort er betra að hann sé þykkur eða langur?“

# LÉLEGT VEÐUR Á ICELAND PARK PROJECT

ROB WYKE, BJARNI VALDIMARSSON OG GRAHAM MACVOY ERU SKIPULEGGJENDUR Á SNÆFELLSJÖKLI.

„Það eru búnir að vera um 45 gestir hjá okkur þetta árið. Svo eru 15 sjálfboðaliðar. Þetta er fólk frá flestum löndum Evrópu, Bandaríkjunum, Kanada, Nýja-Sjálandi og Ástralíu. En Íslendingar eru að sjálfsögðu einnig velkomnir,“ segir Bjarni Valdimarsson, einn skipuleggjandi snjóþrettabúðanna Nikita Iceland Park Project á Snæfellsjöki.

Búðirnar eru nú haldnar fimmta árið í röð en þær hafa vakið athygli víða um heim vegna þeirru einstöku aðstæðna sem Bjarni og félagar hans bjóða upp á. Þarna geta þrettamenn rennt sér í snjó, á hjólabrettapöllum og farið á

brimbretti. „Vindurinn er reyndar að stríða okkur í ár þannig að það hefur verið lítið sörf. Hreint út sagt er þetta langversta árið okkar hvað veðrið varðar. Í fyrra var sóll 18 af 21 degi en núna er það eiginlega öfugt,“ segir Bjarni.

Búðunum lýkur nú um helgina og eru Bjarni og félagar bjartsýnir um að fá góða daga. Svo halda allir til síns heima.

„Etlí undirbúningur fyrir næsta ár fari ekki síðan fljótlega af stað. Að öllu óbreyttu verðum við hérna að ári.“

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni [icelandparkproject.com](http://icelandparkproject.com).



**MUNIÐ BÍLBELTIN**



UMFERDARSTOFA

ÞETTA VAR VIÐBURÐARÍK HELGI MEÐ MEIRU OG SIRKUS TEKUR OFAN FYRIR SKIPULEGGJENDUNUM OG ÖLLUM SEM KOMU AÐ REYKJAVÍK TRÓPÍK. TÓNLISTARHÁTÍÐIN REYKJAVÍK TRÓPÍK FÓR FRAM NÚNA UM HVÍTASUNNUHELGINA OG MÁ MEÐ SANNI SEGJA AÐ ÞAÐ ER ÓSKANDI AÐ UM ÁRLEGAN VIÐBURÐ VERÐI AÐ RÆÐA.

# TRYLLTIR TÓNAR Í TJALDI



Sirkusmyndir - Hörður

Tónleikagestum og öllum öðrum var skýlt í einu stærsta tjaldi landsins en á síðasta degi kom upp ný staða. Tónleikarnir voru færðir úr tjaldinu og inn á Nasa. Það er ekkert slæmt að segja um Nasa en að geta ekki farið í tjaldið góða á síðasta degi var þunglamalegt og missirinn var mikill. Eitt er víst að söknudurinn hvarf eins og dögg fyrir sólu þegar bandaríska hljómsveitin ESG steig á svið. Supergrass brást ekki væntingum en ESG kom, sá og sigraði og tryllti lýðinn svo um munar en þó ber að nefna að íslensku böndin gáfu erlendu hljómsveitunum ekkert eftir.

[sigga@minnsirkus.is](mailto:sigga@minnsirkus.is)

**TÓNLEIKAR ESG VORU MEÐ ÞEIM BESTU Á HÁTÍÐINI.**



**KID CARPET VAR FLOTTUR.**



**STÓRSLASADUR AÐ SPILA**

Það var skellt sér baksviðs, þar sat gítarleikarinn í Kimano sveittur eftir áreynsluna en hann spilaði snilldarlega þrátt fyrir að vera viðbeins- eða rifbeinsbrotinn. „Já, þetta gekk bara vel, ég er ánægður með þetta og flott að vera búinn,“ sagði kappinn, kominn með fatlann á til að hvíla sig eftir áreynsluna. Supergrass menn komu og því var spurningunum beint í átt að þeim. Mick, bassaleikari bandsins, bað um að fá að vera í friði „ég er að borða,“ sagði hann með munninn fullan.

**GHOSTIGITAL OG JOHNNY SEXUAL EKKI MEÐ**

Það voru ekki allir sáttir með það að tónlistarmaðurinn Johnny Sexual, sem er þekktur fyrir flotta sviðsframkomu og flotta hljóma, var allt í einu ekki á dagskránni. Það sama var að segja um Ghostigital sem braut aðdáendahjörtun svo um munar og það á þriðja degi. Einar Örn lét sig ekki vanta þrátt fyrir þessar breytingar. „Það er ekki sjéns að maður láti sig vanta þegar kemur að ESG, þetta á eftir að vera upplifun,“ sagði Einar Örn.



**ROKK OG RÓÓÓ!!!**



**ÞAÐ VAR GREINILEGT AÐ GAZ OG FÉLAGAR Í SUPERGRASS SKEMMTU SÉR KONUNGLEGA Á TÓNLEIKUNUM.**



**HJÁLMAR SPILUÐ TVENNA TÓNLEIKA UM HELGINA, FLOTTIR.**



**STELPURNAR Í LADYTRON ERU MIKLAR GELLUR.**



**TÓNLEIKATJALDIÐ SETTI SVIP SINN Á HÁTÍÐINA.**



**APPARAT VAR Í STUÐI ÞAR TIL SLÖKKT VAR Á KERFINU Í SÍÐASTA LAGINU.**



**EKKI MINNSTU TÓNLEIKARNIR**

Eina sem Danny, trommari sveitarinnar, lét út sér var hvort einhver zetti eld og Gaz kvartaði yfir kulda: „Nei, ég segi svona, það er oft kaldara heima en þetta er alveg magnað,“ segir hann og skellir upp úr. Við blöðrum um veðrið og Ísland, þeir eru ánægðir með komuna og hann segist vera spenntur að spila. „Við höfum áður spilað með Leaves, þeir eru svarir en núna erum við á Íslandi að spila með þeim,“ segir Gaz og það má heyrna í Leaves óma bakvið. „Þetta eru ekki minnstu tónleikarnir sem við höfum spilað á, ég meina allar hljómsveitir hafa einhverntímann spilað á litlum tónleikum,“ segir Gaz og við spjöllum aðeins um tónleikana og skipulag þeirra.

NÚ UM HELGINA VERÐUR HALDIN Í FYRSTA SINN Á ÍSLANDI TATTOO & ROCK FESTIVAL Á GAUKNUM OG BAR 11. FLÚRARAR FRÁ USA, DANMÖRKU OG ÍSLANDI SÝNA OG BJÓÐA UPP Á HÚÐFLÚR FYRIR GESTI OG GANGANDI OG ÖLL HELSTU ROKKBÖND LANDSINS MUNU TRYLLA LÝÐINN. SIRKUS KYNTIST HÚÐFLÚRAMENNINGUNNI, HÁTÍÐINNI OG ÖLLU TILHEYRANDI.

# FYRSTA TATTÚHÁTÍÐIN Á ÍSLANDI

Hátíðin hófst í gær en stuðið mun halda áfram fram yfir sunnudag þar sem lokapartý verður haldið á Bar 11 og verðlaunaafhending mun vera haldin með pompi og pragt. Eins og flúrararnir útskýra fyrir grunlausum blaðamanni þá er þetta fyrsta ráðstefnan hér á landi en þau eru von að fara á 4-6 ári. Tattúmeistarinn Dave tekur á móti okkur.

„Flugið gekk allt vel, allir skemmtu sér vel og eru kátir að vera komnir,“ segir Dave og hlær. Þau eru nýkomin til landsins og hafa komið sér vel fyrir á Bar 11 þar sem kátt er á hjalla. Það er enn of snemmt fyrir blaðamanninn að skála með en því miður er ekkert kaffi í boði, allavega er ekki þörf á því strax.

## JASON THOMPSON FRÁ BAYOU TATTOO:

„Það verða um 13 listamenn sem sýna möppurnar sínar og húðflúra á festivalinu. Venjulega eru þeir miklu fleiri eða kannski um 60 listamenn en þetta tekur allt sinn tíma. Þessi menning er búin að stækka svo um munar núna á síðustu árum. Tónlistarmenn, íþróttamenn og fleiri eru farnir að flúra sig meira en áður.“ Síðan eru að sjálfsgöðu íslenskir flúrarar eins og til dæmis Jón Páll



JASON SEM Á STOFU ÁSAMT CHERYL Í LOUISIANA



CHERYL „THE DEVIL“

## CHERYL „THE DEVIL“ CLINE FRÁ BAYOU TATTOO:

„Áð visu voru allar græjur teknar af okkur, tollinum fannst þetta eitthvað grunsamlegt. Ég og Jason erum með stofu í Louisiana sem heitir Bayou. Það má segja að þessi iðn verði sífellt algengari og vinsælli. Fólk er farið að læra þessa list, leyfi og reglur eru á hreinu og allt sem því tengist er alltaf að batna,“ segir Cheryl hress að bragði. „Þetta er bara eins og risa tattú stofa, við verðum með möppurnar með verkunum okkar til sýnis og að sjálfsgöðu munum við flúra þá sem vilja og um verðið verður samið á staðnum,“ segir Cheryl um skipulagið.



THOMAS FRÁ FLORIDA MEÐ JAPANSKAN STÍL

## THOMAS FRÁ FLORIDA:

„Reynslan skiptir líka miklu máli,“ segir Thomas ákveðinn. „Það þýðir ekki að vera búinn að læra og flúra flotta hugmynd en svo endist hugmyndin ekkert á húðinni. Liturinn dofna, línurnar gliðna eða eitthvað slíkt. Það er eitt að teikna á striga, annað að teikna á blað og svo gjörólíkt að teikna á húð,“ segir hann og í sömu andrá rífur hann sig úr skyrtnuni og sýnir okkur lit sem hefur haldist alveg ótrúlega, þetta er hvítur litur í augunum á einhverjum djöfli. Þau taka öll andköf og kappinn er að sjálfsgöðu stoltur af flúrinu góða. Ég meina við erum bara með einn líkama og því er um að gera að skreyta hann, ef ég hleyp um nakinn er ekki óskrað; vá sjáid hvað hann er með lítið typpi heldur, vá hvað þessi er með mörg tattú,“ segir Thomas og hópurinn hlær.



JÓN PÁLL OG ÞÓRIR ÍSLENSKIR FLÚRARAR MUNU AÐ SJÁLFSGÖÐU SÝNA LISTIR SÍNAR

## DAVE:

„Bið eftir að fá að flúra íslenska húð, hún er svo mjúk, eins og smjör,“ útskýrir Dave sem hefur verið hérlandis í einhvern tíma. „Það er nefnilega allt annað að flúra húð sem er von hita og sól og svo til dæmis íslenska húð sem er aldrei í sól. Liturinn helst svo vel og sést langar leiðir, það er frábært,“ segir Dave, hæstánægður með skinn okkar Íslendinga. „Þetta er búin að breytast mjög hratt eins og til dæmis hér á landi er fjöldi tattústofa búin að margfaldast og vinsældirnar í kjölfarið á því, eða öfugt,“ segir Dave ánægður með framförina. Það er líka svo lærdómsríkt fyrir listamennina að hittast svona, sjá hvað er í gangi, sjá hina ýmsu stíla. Ég meina við flúrum öðruvísi í Boston en í Louisiana og svo allt öðruvísi á Íslandi. Með þessu móti getur fólk bætt sig, það vinna allir. Það verða einnig íslenskir flúrarar á festivalinu eins og Jón, Sverrir og Fjölur og fullt af öðrum, íslenskir flúrarar eru mjög góðir. Jón Páll er jafnvel einn af þeim bestu í bransanum,“ segir Dave stoltur af kappanum.



DAVE, THOMAS OG SWAN HRESSIR EFTIR FLUGIÐ



DAVE MEÐ JESÚ KRIST Á BRINGUNNI OG FAGRAN FÓTINN SKREYTTAN.



SWAN MEÐ TATTÚVERAÐA BUMBUNA

## SWAN FRÁ MASSACHUSETTS:

„Það er mjög vinsælt í Bandaríkjunum núna að gera „traditional american,“ segir Swan flúrarari. Flestir flúrarar segjast gera það því það er svo vinsælt núna. En við gerum alveg alla stíla þannig, sumir eru sérstaklega góðir í einhverju eins og Thomas í japönskum stíl. Þetta er festival þar sem húðflúr er aðalmálið, en það er tíska og tónlist, alveg eins og þetta á að vera,“ segir Swan spenntur fyrir festivalinu.



## DAGSKRÁ TATTOO & ROCK FESTIVAL

**Gaukurinn föstudag:**  
Klukkan 17 til miðnættis: Flúrarar verða á svæðinu með bás og flash og tilbúnir í almennilegt flúr. Hljómsveitirnar Weapons, Drep, Nevelution, Lokbrá og Sign halda tónleika um kvöldið.

**Bar 11 föstudag:**  
Hljómsveitirnar Modem d.m, El Rodo og Who knee spila.

**Gaukurinn laugardag:**  
13.00 til 23.00: Flúrararnir ferskir með bás, flash og græjur og tilbúnir í að flúra meira. Númer Núll, Morðingjarnir, Úlpa, Jan Mayen og Dr.spock spila um kvöldið.

**Bar 11 laugardag:**  
Hostile, Andrúm og Nevelution spila.

**Bar 11 sunnudag:**  
Flúrararnir færa sig um set og verða með bás, flash og tilheyrandi milli klukkan 13 og 18. Lokapartý og verðlaunaafhending eru áætluð milli klukkan 21 og 01.

Þetta er að sjálfsgöðu skrautlegur hópur og er sérsviðið þeirra fjölbreytt allt frá japönskum stíl og út í old school eða rockabilly. Það þarf ekki að taka það fram að þau eru vel skreytt og eru jafnvel sumir þaktir í framan, einnig er það Colin Dale nokkur frá Danmörku sem handstingur öll sín húðflúr en fáir í heiminum búa yfir þeirri tækni. Allar íslensku húðflúrstofurnar taka þátt í festivalinu, Jón Páll, Svanur, Sverrir, Fjölur og einhverjir séu nefndir. Einnig munu Nakti apinn, Dead og Ósóma vera með fatasýningu á Gauknum á laugardegnum. Nú er kjörið tækifæri fyrir landann að sjá alla þessa meistara saman á Gauknum og fá sér húðflúr.

sigga@minnsirkus.is



SWAN OG DJÖFULLINN.

## FYRIR FORVITNA

Heimasíður: newfoundevents.com, Gaukurinn.is, tattoo.is, tattoo.dk, prickmag.net, tattoomagazine.se, icelandtattoo.com, Bar11reykjavik á myspace



## Drekktu það í þig ...

... nýtt bragð til að teygja eins og þig lystir, áhyggjulaust.

Eina vítamínbætta kolsýrða vatnið sem inniheldur ekkert kolvetni og engar kalóríur. Bara frábærlega frískandi bragð frá náttúrulegum bragðefnum úr lime ávextinum.

**toppur**  
Veldu betra bragð



**TOPPUR® LIME**

MEÐ VÍTAMÍNUM  
0 kalóríur • 0 kolvetni



SIRKUS RVK FÉKK FJÓRAR UNGAR KONUR TIL AÐ HJÁLPA SÉR VIÐ AÐ STILLA UPP LIÐI MEÐ KYNÞOKKAFYLLSTU LEIKMÖNNUNUM Á HM SEM HEFST Í DAG Í ÞÝSKALANDI. ÁLITS-  
GJAFARNIR VORU ÞÆR MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR, BESTA KNATTSPYRNUKONA  
LANDSINS, GRÉTA MJÖLL SAMÚELSDÓTTIR, SÚ EFNILEGUSTA, TINNU ALAVIS, FÓT-  
BOLTAFÍKILL OG FYRIRSÆTA OG HEIÐUR HALLFREÐSDÓTTUR, UNGRÚ VESTURLAND OG  
MIKINN ÁHUGAMANN UM FÓTBOLTA. LJÓST ER AÐ SUÐUR-EVRÓPUMENN EIGA MJÖG  
UPP Á PALLBORÐIÐ, ÞVÍ ÞEIR ERU UPPISTAÐAN Í DRAUMALIÐI SIRKUS TÍMARITS.

# HEITUSTU HM FOLARNIR



**ANDRYI SCHEVCHENKO, ÚKRAÍNU.**  
„Strákslega sætur.“  
„Veit ekki hvað það er en hann er soldið flottur.“



**FRANCESCO TOTTI, ÍTALÍA.**  
„Súkkulaði strákur dauðans.“  
„Já takk.“



**CRISTIANO RONALDO, PORTÚGAL.**  
„Ekta latín súkkulaði.“  
„Hann verður að vera þarna.“




**FRANK LAMPARD, ENGLANDI.**  
„Bara flottur.“  
„Ég hef hann þarna því hann virkar skemmtilegur á mig.“



**FREDRIK LJUNGBERG, SVÍÞJÓÐ.**  
„Ég slefa bara þegar ég hugsa um auglýsingarnar.“  
„Hann er frekar heitur sko.“




**DAVID BECKHAM, ENGLANDI.**  
„Sumar segja að hann sé þreyttur en mér finnst alltaf jafn sexi.“  
„Einfaldlega klassiskur.“



**FABIO CANNOVARO, ÍTALÍA.**  
„Hvað er málið með Ítali og fallega varnarmenn. Hann er rosalegur.“ „Ef til væri Cannacaro body lotion myndi setja það á mig daglega.“



**ALESSANDRO NESTA, ÍTALÍA.**  
„Hann er sko klárlega fyrirliðinn í fallega liðinu.“  
„Hann er númer eitt, tvö og þrjú. Rosalega kynþokkafullur.“  
„Hann verður að vera í liðinu.“



**OLOF MELLBERG, SVÍÞJÓÐ.**  
„Langheitasti Svíinn. Ljungberg á ekkert í hann. Ég verð að setja einn frænda í liðið.“



**SERGIO RAMOS, SPÁNN.**  
„Mjög athyglisverður strákur.“  
„Algjör foli.“



**IKER CASSILAS, SPÁNI.**  
„Lang heitasti markmaðurinn.“

## ÞJÁLFAVARAR LIÐSINS OG ÁLITSGJAFAR



**HEIÐUR HALLFREÐSDÓTTIR**  
Ungfrú Vesturland og fótoltasér-  
fræðingur frá Akranesi, hjarta  
knattspyrnunnar á Íslandi.



**GRÉTA MJÖLL SAMÚELSDÓTTIR**  
Söngkona og markamaskína.



**MARGRÉT LÁRA VIÐARSDÓTTIR**  
Besti leikmaður  
Landsbankadeildarinnar.



**TINNA ALAVIS**  
Fyrirsæta og fótoltasérfræðingur.  
Er brjálaður Arsenal aðdáandi.

SKAPANDI SUMARSTARFSHÓPAR HINS HÚSSINS ERU FARNIR AF STAÐ, EN ÞEIR ERU JAFN MISMUNANDI OG ÞEIR ERU MARGIR. ALLT FRÁ FÖNKI YFIR Í KLASSÍK OG FRÁ LEIKLIST AÐ BLAÐAÚTGÁFU.




ÞEIR ÖRN, BENT OG MAGNÚS HELGA SÍNU SUMRI OG SINNI LIST ÞVÍ AÐ KYNNA VEGFARENDUM TÓMAS GUÐMUNDSSON.

# UNGT FÓLK Á LAUNUM VIÐ AÐ LÍFGA UPP Á BORGINA

„Við erum byrjaðir á fyrsta verkefninu og fólk ætti að sjá afrakstur þess í miðbænum í dag,“ segir Örn Tönsberg, einn af meðlimum Reykjavíkurljóðanna sem er einn af skapandi sumarstarfshópum Hins hússins. Hópurinn

ætlar sér í sumar að koma upp Reykjavíkurljóðum Tómasar Guðmundssonar á þeim stöðum í Reykjavík sem þau vísa til með myndlistaverkum og upptökum. „Það var Tómas sem breytti Reykjavík úr litlu sveita-

plássi yfir í litla stórborg með ljóðum sínum,“ segir Örn um skáldið. Auk Arnar eru með honum í hópnum þeir Magnús Leifsson og Ágúst Bent Sigbertsson en þeir eru allir fæddir árið 1983, sama ár og skáldið lést.



Núna í dag klukkan 17:00 eru tilvaldir tónleikar til að byrja helgina. Þetta er einsmannshljómsveitin Kimonophonic sem treður upp í verslun 12 Tóna við Skólavörðustíg. Kimonophonic eða öðru nafni Justin Armstrong er frá Kanada en býr í New York þar sem hann hefur gefið út fjölda geisladiska á hinum ýmsu smámerkjum. Nýjasti diskurinn hans nefnist This Fragile Energy og er gefinn út hjá Unlabel.net en aðeins í 100 tölusetnum eintökum. Tónlist Kimonophonic er melódísk blanda af raf og rokki, ekki láta ykkur vanta heldur upplifð stemninguna.

'I WANT TO MAKE TOMORROW'S MUSIC WITH YESTERDAYS TECHNOLOGY'

-Kimonophonic

FYRIR FORVITNA  
[HTTP://WWW.WHITECOLOURS.COM/KIMONO/12TONAR.IS](http://www.whitecolours.com/kimono/12TONAR.IS)



#### Premenningsambandið:

Premenningsambandið er tónlistarhópur sem hyggst lífga upp á miðborgina með klassískri tónlist í sumar.

#### Atlas:

Atlas hyggst standa fyrir skemmtilegum tónlistarupptökum víðsvegar um borgina í sumar og leggur áherslu á íslenska tónlist og þjóðlega tónlist frá ólíkum löndum.

#### Dúettinn Mímósa:

Hjörtur og Gunnar eru gítarleikarar og skipa þeir dúettinn Mímósu.

#### Tepokinn:

Tepokinn er djasskvartett sem samanstendur af fjórum ungum og efnilegum djassmennum. Í sumar ætla þeir félagar að flytja rytmíská tóna á fjölförum stöðum í Reykjavíkurborg.

#### Sigríður Hjaltalín:

Yfir í aðra sálma: Sigríður Hjaltalín er hljómsveit, í sumar munu þau leggja sitt af mörkum til menningarlífs borgarinnar.

#### Síbylur:

Síbylur er pot tveggja tónlistarmanna í afmarkaða hluta þjóðarsálarinnar.

#### Drum Corperation of Iceland:

Trommudúettinn „Drum Corperation of Iceland“ spilar í sumar á götum borgarinnar með hrópum, kjúbaköstum, sprelli og tilheyrandi.

#### Cheddy Carteh:

Tónlistarhópurinn Cheddy Carteh spilar hráa blöndu af funk-djass hip hop. Rifandi stemning á sundlaugarbökkum, leikskólum, göngustígum og götum Reykjavíkur.

#### Loftvarir:

Loftvarir eru skipaðar þremur ungum eldhugum sem hyggjast gleðja vegfarendur miðbæjarinnar með skemmtilegri popptónlist.

#### Hljóðvirki til Samskipta:

Tveir myndlistarnemar úr Listaháskóla Íslands munu skapa hljóðverk í sumar sem ber nafnið Hljóðvirki til Samskipta.

#### Hönnunartvíeykið Stígvél:

Týnd og sýnileg fyrirbæri íslenskrar menningar verða dregin fram í sviðsljósi. Hugmyndaferlið er á bloggsíðunni <http://stigvel.blogspot.com>.

#### Grísalappalísur:

Grísalappalísur er fjöllistahópur skipaður fjórum yngismeyjum. Hrist verður upp í daglegum veruleika borgarbúa með glaðningum fyrir

augað og andann.

#### Veggmyndir:

Veggmyndir er leikhópur. Þau munu í sumar semja sýningu sem hefur vinnutítilinn Veggmyndir. Frumsýning verður í byrjun ágúst.

#### Das Experiment

Markmiðið er að rannsaka mismunandi form leiklistar annars vegar og hins vegar viðbrögð áhorfenda, bæði að utan og innan.

#### Tríóð taumlaus

Tríóð hyggst upplífga vegfarendur borgarinnar með skyndilegum örleikþáttum, æsispennandi ljóðlist, ómþýðum tónstraumum og hljóðfæraleik og hverju sem er.

#### Gámafélagið

Fjórir hressir krakkar sem elska að flippa og gera eitthvað rugl.

#### Götuleikhús Hins Hússins:

Tíu götuleikarar vinna undir leiðsögn leikstjóra. Götuleikhúsið mun glæða götur og torg borgarinnar lífi og fá fólk til að nema staðar í hraða hversdagsins.

#### Lata stelpan

Tímarit. Fylgist með lötu stelpunni á: [www.latastelpan.is](http://www.latastelpan.is).

# Arthúr



# Tivoli Audio™

Y F I R B U R Ð A  
FERÐATAEKIÐ  
SongBook

og þú hleður það í bílnum á leiðinni...



Öflugur móttakari - Ótrúleg hljómgæði  
Ómissandi í ferðalagið í sumar.  
Í sumarbústaðinn, fellihýsið, tjaldið eða á veröndina  
Þú nærð útsendingunum nær allstaðar



TIVOLI SongBook **ÚTVARP**  
með hleðslutæki  
Stereóútlarp í hæsta gæðaflokki  
með 5 stöðva minni  
Vekjararklukka með svefnrofa  
240V / 12V - Rafhlöður AA 6 stk.  
innbyggt hleðslutæki  
Hleðslurafhlöður fánlegar



Tengdu iPod við  
TIVOLI SONGBOOK  
Einfaldara verður það ekki



#### Útsöluastaðir:

Mirale, Grensásvegi 8, S.517 1020  
Art Form, Skólavörðustíg 20 S. 551 2392  
Halldór Ólafsson, Glerártorgi S.462 2509  
Gleraugnamiðstöðin, Egilsstöðum S.471 1606  
Tónspil, Neskaupsstað S.477 1580  
Hótel Ísafjörður S. 456 4111

Hljómsýn, Ármúla 38, S. 588 5010  
Epal, Skeifunni 6, S.568 7733  
Kokka, Laugavegi 47 S.562 0808  
Duka Kringlunni S.533 1322  
CM Laugvegi 68, S.551 7015

HRÓARSKELDUHÁTÍÐIN VERÐUR HALDIN Í 25. SKIPTI Í LOK JÚNÍ. HÁTÍÐIN HEFST ÞANN 29. JÚNÍ OG LÝKUR HENNI 2. JÚLÍ. ALDREI HAFA JAFN MARGIR ÍSLENDINGAR FARIÐ Á HÁTÍÐINA EN UPPSELT ER HJÁ EXIT-FERÐUM SEM HAFA SELT 900 MIÐA OG EKKI ER VITAÐ UM FJÖLDA ÍSLENDINGA SEM KEYPT HAFA MIÐA Í GEGNUM NETIÐ. MARGT ER AÐ SJÁ Á HÁTÍÐINI Í ÁR. SIRKUS SETTI HELSTU ATRÍÐIN UNDIR SMÁSJÁNNA.

HRÓARSKELDA  
LAÐAR TIL SÍN UM  
100 ÞÚSUND  
MANNS ÁRLEGA.



# 1000 ÍSLENDINGAR Á LEIÐ TIL HRÓARSKELDU

## HELSTU ATRÍÐI HÁTÍÐARINNAR

EXIT-FERÐIR ERU EINI SÖLUAÐILI HRÓARSKELDUMIÐA Á ÍSLANDI.

### FLEIRI MIÐAR GÆTU DOTTIÐ INN

Ferðaskrifstofan Exit-ferðir, sem áður hét Ferðaskrifstofa stúdenta, hefur árlega selt miða á Hróarskelduhátíðina frá upphafi hennar. Í ár hafa selt 900 miðar, sem er nýtt met. Í fyrra seldust um 600, sem þótti gott þá. Exit bjóða upp á pakkaferðir á Hróa en selja líka miðann einan og sér. Eftirspurnin hefur aldrei verið meiri, að sögn talsmanns Exit, og fer hún vaxandi á hverju ári. Miðarnir 900 seldust upp í maímánuði en forsvarsmenn ferðaskrifstofunnar segja það ekki ólíklegt að fleiri miðar verði teknir í sölu fyrir hátíðina. Þá má einnig gera ráð fyrir því að fjölmargir kaupmiðar beint af hátíðarhöldurum og úti í Danmörku. Þá er alltaf hægt að sitja á ebay og reyna lukkuna þar. Þó nokkuð af miðum hafa verið í gangi þar upp á síðkastið.

#### SIGUR RÓS

Eina íslenska bandið sem spilar á hátíðinni í ár eru Sigur Rós. Síðustu stórtónleikar þeirra hér á landi voru haldnir í Laugardalshöll í haust og sagði meðal annars einn gagnrýnandi að hann hefði tárast. Sigur Rós eiga eflaust eftir að skína skært á skeldunni, enda á heimavelli, svona eiginlega.



#### ARCTIC MONKEYS

Hljómsveitin Arctic Monkeys er einn heitasti skitur sem komið hefur frá Bretlandi síðan Spice World. Hljómsveitin seldi brjálæðislega mikið af plötum fyrir júl og þurfa nú væntanlega að sanna fyrir Norðurlandabúum hvers vegna. Arctic Monkeys þurfa að duga eða drepast á hátíðinni, ekkert hálfkák sem dugur hér. eru sagðir vera nokkuð hráir og flottir.



#### BOB DYLAN

Meistari Bob Dylan mætir sprækur á Skelduna. Það biða eflaust margir spennitir eftir því að sjá gamla gráa, en því miður ber fólk honum ekki góða söguna af tónleikum. Bob neitar víst að taka lög sín í upprunalegum útgáfum og eru þau næstum óþekktanleg á tónleikum. Bob sjálfur er heldur enginn Amar Grant þegar það kemur að því að fara vel með sig og er nokkuð sloj á sviði. Bandið með honum er víst nokkuð gott og bætir upp fyrir röflið í honum.



#### FRANZ FERDINAND

Franz Ferdinand eru líklega ein pottþéttasta hljómsveitin á listanum í ár. Hressir og skoskir, banvæn blanda. Kapparnir héldu tónleika í Kaplakrika í fyrrasumar og voru þeir hreinasta afbragð, en sagt er um FF að þeir hreinlega haldi ekki lélega tónleika. Þeir sem fila ekki hart og semi-hrátt indie-rokk verða bara að leita eitthvað annað.



#### GEORGE CLINTON AND THE FUNKADELIC PARLIAMENT

George Clinton hefur fönkað með hljómsveitunum Funkadelic og The Parliament í næstum 40 ár. Hann er mannlegt fönk. Meira að segja þegar Tupac og allir þeir voru upp á sitt besta í vestkóstinu, þá sömpluðu þeir Clintarann grimmt. Þessir tónleikar verða líklega mjög líkir James Brown-tónleikum og velur allt á því í hversu miklu stuði George verður.



#### GUNS N' ROSES

Ætli það séu ekki alveg pottþétt nokkrir gæjar sem eru bara að mæta til þess að sjá GNR. Rokkið verður bara ekki klassískara. Þó hafa þeir hætt við tónleika oft en þeir hafa spilað að meðaltali og því ekkert víst um hvort þeir mæti á endanum. Menn segja líka að Axl Rose sé orðinn klikkaður og miðað við nýleg viðtöl tekur maður það nokkuð trúanlega. Væri samt ótrúlega nett að heyra Sweet Child of Mine.



#### MORRISSEY

Fyrrum Smiths-söngvarinn Morrissey hefur látið hafa það eftir sér að tónleikar hans á Hróarskeldu fyrir tveimur árum hafi verið einn af hápunktum ferils hans. Hann ætti því að mæta í miklu stuði á hátíðina í ár. Morrissey er með glænýja plötu í pokahorninu og eflaust í miklu stuði.



#### PLACEBO

Placebo er í þrusuveiflu eftir útgáfu plötunnar Meds, sem er sögð sú besta frá sveitinni í rúman áratug. Íslenskir aðdáendur sveitarinnar sáu hana væntanlega spila í Höllinni fyrir tveimur árum en nýja platan og gott gengi upp á síðkastið ætti að vera ástæða til að bregða sér aftur.



#### THE STROKES

The Strokes eru í framfarðasveit post-indie rokkbylgjunnar sem er að klárast núna. Plata þeirra, Is this it, gerði kraftaverk fyrir glaða menntskælinga með trefla og tónleikar þeirra á Broadway gleymast seint. Þó hafa þeir eitthvað misstigið sig í seinni tíð varðandi plötuútgáfu, en tónleikar með þeim þykja ennþá massivir.



#### THE STREETS

Þó svo að síðasta plata The Streets hafi ekki þótt jafn góðar og fyrri tveir þá njóta þeir enn rosalegra vinsælda. The Streets eru uppáhald allra og Mike Skinner er eflaust allra manna hressastur á sviði. Ef hann kemst í hálfkvísi við vini sína í Mitchell Brothers, sem spiluðu hér á Airwaves, þá ætti þetta að vera í virkilega góðum málum.



#### KANYE WEST

Tónleikar hjá Kanye West ættu að verða trylltir, ef marka má vinsældir hans og sniðugheit. Oftast er Kanye með góða tónleika en stundum missir hann sig í einhverju kvabbi og lætur hrokann hlaupa með sig í gönur. Það gerðist víst á nýafstafðinni Coachella-hátíð í Bandaríkjunum, þar sem hann notaði allt of mikinn tíma til þess að rífa sig. Hann tekur þó eflaust með sér góða skapið á Hróa.



#### SCISSOR SISTERS

Það er alveg klárt mál að Scissor Sisters er þrusugott tónleikaband. Það sést langar leiðir af myndböndunum. Hljómsveitin sló fyrst í gegn fyrir tveimur árum og er nú að sjá fyrir endann á næstu plötu, sem kemur út fyrir árslok. Systurnar þrjú eru þó á nýju lögunum þannig að ef Keldarar eru megaheppnir mætir hann á svæðið.





# Vilt þú stunda nám í persónulegum skóla?

**Góð aðstaða til náms, persónuleg þjónusta, öflugt félagslíf og kraftmikið íþróttastarf**

Framhaldsskólinn á Laugum er heimavistarskóli í sveit. Þar er kennt á fjórum námsbrautum. Lögð er áhersla á persónulega þjónustu. Að vera í heimavistarskóla er lífsreynsla sem maður býr að alla ævi.

**Innritun í Framhaldsskólann á Laugum fyrir haustönn 2006 lýkur 12. júní nk.**



**NÁMSBRAUTIR:**  
Félagsfræðibraut  
Náttúrufræðibraut  
Íþróttabraut  
Almenn námsbraut

Heimavist og mötuneyti  
Góð íþróttaaðstaða

Framhaldsskólinn á Laugum er staðsettur í Reykjadal í Þingeyjarsveit. Þaðan er stutt til Akureyrar og Húsavíkur.



**FRAMHALDSSKÓLINN Á LAUGUM**  
[www.laugar.is](http://www.laugar.is) | 464 6306 | 464 3112

# LÍKLEG OG ÓLÍKLEG MSN-NÖFN

SÍÐUSTU MISSERI HEFUR SPJALLFORRITID MSN MESSENGER GJÖRSAMLEGA TRÖLLRÍÐIÐ LANDINU. ALLIR NOTA MSN OG ÞAR TÍÐKAST AÐ KALLA SIG EKKI RÉTTU NAFNI HELDUR EINHVERJU SEM GRÍPUR ÞAÐ SEM ER Í GANGI HVERJU SINNI.

## HALLDÓR ÁSGRÍMSSON

**Líklegt** Don't look back in anger ---> hættur og farinn  
**Ólíklegt** It's Millertime baby!!!! :)



## UNNUR BIRNA VILHJÁLMSDÓTTIR

**Líklegt** Djíses! Svo mikið að gera alltaf í útlöndum :(  
**Ólíklegt** Ryan Phillipe ég sakna þín



## GEIR H HAARDE

**Líklegt** Geiri Rokk :) á toppnum!  
**Ólíklegt** G. Hard – ógnarstjórinn er að byrja!!!



## ÁGÚSTA EVA ERLENDSDÓTTIR

**Líklegt** Silvia Night ----> Superstar  
**Ólíklegt** Ég veit ég veit, hætt að vera fyndið :(



## GUÐJÓN VALUR

**Líklegt** Gummersbach ist uber alles, Guðjón Valur ist der führer!  
**Ólíklegt** Herman Göring handboltans í húsinu!!



## BUBBI MORTHENS

**Líklegt** Ég er ekki fallinn!!  
**Ólíklegt** Kassi af Thule á Argentínu á HM!!!!



## BJÖRK

**Líklegt** Björk-G \_Army\_of\_me\_  
**Ólíklegt** Hefur einhver snúið svan úr hálslið!!!



## ANNÞÓR KRISTJÁN KARLSSON

**Líklegt** Sá einhver síðasta þátt af Prison Break?  
**Ólíklegt** Tjúkkið á kappanum í Séd og heyr!!!

## ERPUR Þ. EYVINDARSSON

**Líklegt** Var að skjóta af AK-47 ---> og Beta rokk er ennþá leiðinleg!  
**Ólíklegt** Disneyland eftir átta daga!!! USA here I come!



## RAGNHILDUR STEINUNN

**Líklegt** Þórhallur, hættu að dæðra!!(on the phone)  
**Ólíklegt** Áfram Filabeinsströndin!!



## GILLZENEGER

**Líklegt** Big G! Held ég hafi aldrei verið massaðri  
**Ólíklegt** 100% Big G – Hingað og ekki lengra, hættu að drekkja hálandinu



## EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN

**Líklegt** Hvort á ég að fara Man U eða Barce!! :) :(  
**Ólíklegt** Bless bless Chelsea ... Halló KR!!!



## MIKAEL TORFASON

**Líklegt** Mikki Refur // Guess who's back  
**Ólíklegt** Dúllulegustu pörin!! Kikið á forsiðu Vikunnar



## VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

**Líklegt** Áfram Framsókn (away)  
**Ólíklegt** Sénsinn að þau gætu þetta, ég get haldið niður í mér andanum gebbað lengi

## HANNES HÓLMSTEINN GISSURASON

**Líklegt** Hádegismatur er aldrei ókeypis.....(Out to lunch)  
**Ólíklegt** Gæsalappir eru aldrei ókeypis.....(Busy)



## DORRIT MOUSAIEFF

**Líklegt** The Ice baby, first lady :)  
**Ólíklegt** aibach@Nasa í kvöld!!!! – Óli er kominn í klossana



FRÍÐRIK FRÍÐRIKSSON BREGÐUR SÉR Í HLUOTVERK HIKANDI DANA MED FLATAN ENSK-AN HREIM Í TALHÓLFINU.



## FRÍKKI Í FYNDNA GÍRNUM

Leikarinn Friðrik Friðriksson er með frumlegt talhólf, sem hann djúsar upp með því að styðjast við eigin persónusköpun.

„Yes, aaa... this is a voicemail for Friðrik Friðriksson. He's not in so leave a message... please... do that... right now. Thank you goodbye.“

Sá sem talar kveðjuna inn er karakterinn Hans Kristiansen, sem Friðrik lék í grínþáttunum góðu, Sigtinu. Frábær gæi með fyndinn og flatan danskan hreim. Hann hikar skemmtilega undir miðja kveðju, hefur ekki hugmynd um hvað hann ætlar að segja næst. Talhólfíð fær mann því til að brosa upp á gátt, sem er einmitt það sem góðir grínleikarar eiga að gera. Talhólfíð mætti aftur á móti líka vera á íslensku, það hefði eflaust verið hægt að kreista nokkur þannig orð út úr Hans.

★★★★☆

TALHÓLF FREGA FÓLKINS...



## FLEIRI KOSNINGAR

Þó svo að flestir hafi verið komnir með nóg af kosningum héma um daginn er marga farið að klæja aftur í lófana nú tveimur vikum síðar. Sirkus hefur gríðarlega gaman að hvers kyns kosningum og fagnar því að nú stendur yfir áhorfendakosning fyrir Grímuverðlaunin, sem fara fram nk. föstudag, 16. júní. Þar velur fólk einhverja sýningu sem það sá og skemmti sér vel á. Þetta gerir það líka að verkum að það er miklu skemmtilegra að horfa á hátíðina á föstudaginn næsta, rétt fyrir 17. júní. Tjúkkið á gríman.is.



## HEIMASÍÐA VIKUNNAR

### MISSTU ÞIG Í MULLET-STÍLNUM

Heimasíða vikunnar er <http://mulletgalore.com/>. Þar er hægt að finna upplýsingar um allt sem tilheyrir sítt að aftan/mullet-stílnum, menningunni og fólkinu. Aðallega samt í miðju Bandaríkjanna, þar sem tískan virðist sumstaðar allsráðandi.

Þú getur vafrað þarna lengi og týnt þér í menningarheimi sem þú vissir ekki að væri til. Einnig er hægt að eignast mullet-vini og eins og kemur í ljós í kveðju hjá einum eru sumir til í ýmislegt: „U feel like getting dirty w/me?, i spend a lot of time in this room, justa flappin' and tappin'.“



## SIRKUSTVÍFARAR



ANITA BRIEM KVÍKMYNDALEIKKONA.



MICHELLE PFEIFFER KVÍKMYNDALEIKKONA.

Sirkus vonar svo sannarlega að hin gullfallega Anita Briem eigi eftir að brillera á móti Brendan Fraser í Hollywood-myndinni Leynardómar Snæfellsjökuls. Sagan gerist að hluta til á Íslandi þannig að það er aldrei að vita nema Anita leiði Hollywood-vini sína hingað í tókur. Við vonum það því að fyrir í vor misstum við aðra stóruleikkonu, sem ætlaði að koma hingað, úr höndunum okkar. Michelle Pfeiffer var á leiðinni í Stardust en mátti ekki taka hesta með. En þær eru svo sannarlega kvíkmyndagyðjur þessar tvær

# BORGARHOLTSSKÓLI

Nánari upplýsingar um einstakar námsbrautir eru á heimasíðu [www.bhs.is](http://www.bhs.is).

**Innritun nemenda á haustönn 2006 stendur yfir og lýkur 12. júní. Innritun í dagskóla er rafræn á [www.menntagatt.is](http://www.menntagatt.is)**

## Iðnnám

Grunndeild bíliðna

Bifvélavirkjun

Bifreiðasmíði

Bílamálun

Verslunarbraut

Fyrrihlutanám í málmiðnum

Vélsmiði

Rennismíði

Málmsuða (nem. komi til viðtals 7.-9. júní)

Blikksmiði

Stálsmiði

Upplýsinga- og fjölmiðlabraut

## Annað starfsnám

Félagsliðabraut

Verslunarbraut

Námsbraut fyrir

aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum

## Bóknám til

stúdentsprófs

Félagsfræðabraut

Málabraut

Náttúrufræðibraut

Viðbótarnám til stúdentsprófs eftir iðn-, starfs- og listnám

## Listnám

Margmiðlunarhönnun

grafísk áhersla

Margmiðlunarhönnun

fjölmiðlataekni

## Almenn námsbraut

Fyrir nýnema úr grunnskóla sem ekki standast inntökuskilyrði á aðrar námsbrautir

**Við aðstoðum umsækjendur við rafræna innritun frá 6. júní. Opið hús verður í skólanum 9. júní kl. 9-16 og 12. júní kl. 11-18 þar sem námsleiðir eru kynntar.**


**Staðfest afrit námsferla á framhaldsskólastigi verða að berast skólanum ef við á svo hægt sé að taka umsóknir til afgreiðslu.**



Með kveðju

Borgarholtsskóli, v/Mosaveg, 112 Reykjavík. Sími 535 1700. Bréfasími 535 1701

NÚ UM HELGINA VERÐUR HALDIN TÓNLISTARHÁTÍÐIN BRIGHT NIGHTS Í FÉLAGSHEIMILINU ÁRNESI Í GNÚPVERJAHREPPI. DAGSKRÁIN ER MJÖG METN-  
AÐARFULL, RÚMLEGA FJÖRUTÍU HLJÓMSVEITIR TROÐA UPP AUK ÞESS SEM FJÖLDI LISTAMANNA VERÐUR MEÐ ÝMIS KONAR UPPÁKOMUR. FYRIR  
HÁTÍÐINI STANDA UMSJÓNARMENN ÚTVARPSÁTTARINS RAFRÆN REYKJAVÍK, REYNIR JOENSEN, JÓHANN ÍSFJORD OG HALLDÓRA MOGENSEN.



SIRKUSMYND HARI

**ÞETTA VERÐUR ENGINN UXI,  
ÞETTA VERÐUR LISTAHÁTÍÐ**



TJALDSTÆÐIÐ ER FÖLGRÆNT.



„VIÐ ERUM BÚIN AÐ VERA Á FULLU Í SÍMANUM OG TÖLVUNNI. SENDANDI PÓSTA OG HRINGJANDI SÍMTÖL HÆGRI, VINSTRI. ÞETTA ER BÚIÐ AÐ VERA BRJÁLUÐ VINNA.“

„Ef við fáum 600 manns þá verður fullt hús. Ef enginn mætir þá förum við bara á hausinn. En við erum bjartsýn. Það þýðir ekkert annað. Vonum að þetta verði að árlegum viðburði. Ef þetta heppnast vel núna um helgina er það ekki spurning,“ segir Reynir Gannnt Joensen, einn skipuleggienda útihátíðarinnar, Bright Nights, sem verður haldin í Árnosi, rétt fyrir utan Selfoss, nú um helgina.

**ENDALAUST AF ATRÍÐUM**

Á hátíðinni koma fram um 40 hljómsveitir, innlendir og erlendir. Margt annað verður um að vera, til dæmis ljósmynda- og myndlistarsýningar. Tilraunaeldhúsið ætla að mæta með hóp af listamönnum til að skreyta svæðið með vídeóverkum og uppákomum. Einnig verður markaður á svæðinu þar sem safnað hefur verið saman nokkrum hönnuðum til að selja föt og annað. Á markaðnum ætla bændur úr sveitinni einnig að bjóða upp á sínar vörur.

Tónleikarnir sjálfir fara fram í Félagsheimilinu Árnosi en við það er tjaldstæði með aðstöðu fyrir gesti. Klósett, sturtur og heita potta og einnig verður boðið upp á nudd. Þá er stutt í sundlaug og náttúruperlurnar Þjórsárdal og Geysi.

„Okkur sýnist fólk vera að taka ótrúlega vel í þetta. Ég vona bara að veðrið verði gott,“ segir Reynir.

**MIXAÐI BJÖRK OG VANN**

Ásamt Reyni eru þau Jóhann Helgi Ísfordur og Halldóra Mogensen á fullu að skipuleggja hátíðina. Reynir og Jóhann eru umsjónarmenn útvarpsþáttarins Rafræn Reykjavík, sem

er á dagskrá á X-inu á þriðjudagskvöldum og halda hátíðina undir merkjum hans.

„Við leigðum flott hljóð- og ljósakerfi. Þarna verður spilað ýmis konar tónlist. Allt frá Sebastian Teller, sem spilar á píanó og kassagítar, og Judith Juillerat, sem notar ekki tölvur heldur samplar hljóð og vinnur úr þeim yfir í drum&bass og ýmis konar raftónlist,“ útskýrir Reynir.

Judith hefur ekki áður spilað á Íslandi en hún vakti mikla athygli þegar hún vann keppni á vegum Unicef þar sem tónlistarmenn víðs vegar að kepptust um að endurhljóðblanda Army of Me sem flottast. Í kjölfarið fékk hún plötusamning og spilar út um allan heim.

**MANÍSK Í SEX VIKUR**

Hugmyndin að hátíðinni kviknaði í kjölfar þess að Reynir hélt upp á 25 ára afmæli sitt í Árnosi í febrúar. „Það heppnaðist frábærlega og allir voru ánægðir með staðinn. Okkur datt seinna í hug að hann myndi henta fullkomlega fyrir svona hátíð. Verst að það var ekki nema fyrir sex vikum. Við þurftum að bregðast skjótt við og erum þess vegna búin að vera á fullu í símanum og tölvunni. Sendandi pósta og hringjandi símtöl hægri, vinstri. Þetta er búíð að vera brjáluð vinna,“ segir Reynir og hlær.

Tónleikar hátíðarinnar verða teknir upp og stefna þeir félagar að spila eitthvað af þeim í Rafrænni Reykjavík á næstu vikum. Þá verður kvikmyndatökulið einnig á svæðinu til að fylgjast með, taka viðtöl og fleira.

**EKKERT UXASUKK**

Mörgum þykir raftónlistarhátíð úti á túni

uppi í sveit hljóma mjög svipað og sukkveislan Uxi, sem var haldin 1995. Reynir þvertur fyrir þessa samlíkingu. „Nei, þetta á ekki að vera verslunarmannahelgarhátíð eins og Uxi. Við hugsum þetta frekar sem listahátíð. Við höfum til dæmis engar áhyggjur af löggunni. Það er ekki séns að hún þurfi að skerast í leikinn.“

Fyrir í vikunni bárust þær fregnir að sýslumaðurinn í Selfossi hefði komið í veg fyrir hátíðina með því að afturkalla skemmtanaleyfið sem sótt var um. Hið rétta er að sótt var um viðbótarskemmtanaleyfi, Árnosi er með leyfi til klukkan eitt og strákarnir vildu framlangja það til þrjú. „Ef það klikkar þá byrjum við bara fyrir á daginn og endum dagskrána klukkan eitt. Ekkert mál.“

Árnosi er í 97 kílómetra fjarlægð frá Reykjavík. Keyrt er í gegnum Selfoss og beygt upp Flúðaaflleggjarann, haldið áfram í um 15 mínútur og beygt til hægri á Árnosafleggjara. Hátíðin er þá á vinstri hönd. Sætaferðir verða frá B.S.Í og miða er hægt að nálgast í 12 tönnum, Smekkleysubúðinni á Laugavegi og Hljóðhúsinu á Selfossi. Miðinn kostar 7500 krónur og er tjaldstæði innifalið í verðinu.

Reynir, Jóhann og Halldóra hvetja sem flesta til að mæta á hátíðina og eru bjartsýn á að hún heppnist vel. „Þetta reddast allt,“ segir Reynir. „Ég var einmitt að horfa á góðan þátt á Discovery Channel um daginn, Europe’s Richest People. Þar sagði einn merkur maður að það næði enginn árangri án þess að taka áhættu. Við höfum það að leiðarljósi.“

[tinni@minnsirkus.is](mailto:tinni@minnsirkus.is)



ÁRNOSI VERÐUR HEITT UM HELGINA.



SALURINN BÝÐUR UPP Á GÓÐA TÓNLEIKA.

**HLJÓMSVEITIR SEM SPILA Á BRIGHT NIGHTS:**

Reykjavík Swing Orchestra  
Biggi Veira (GusGus DJ set)

- Agzilla
- Ruxpin
- Hermigervill
- Frank Murder
- For Tunes
- Plat
- Biogen
- Gorbachov
- Mr. Silla & Mongoose
- Dr.Disco Shrimp
- Sometime
- Kiki ow
- Unsound
- Disco Valante
- Worm is Green
- Thunder Cats
- Huxun



- Oculus Dormant
- Original Melody
- Yagya
- T-World
- Siggi úr Hjalumum
- Lay Low
- Breakbeat.is
- Daveeth
- Tonik
- Panoramix
- Beatmaking Troopa
- Ilo
- Ace #1
- Siggi Lauf
- DJ Steinar A
- DJ Thor
- DJ Xylic



**ERLENDIR TÓNLISTARMENN**

- Judith Juillerat (frá Sviss)
- Ada (frá Þýskalandi)
- Daedelus (frá Bandaríkjunum)
- Misc. (frá Þýskalandi)
- Sebastian Teller (frá Frakklandi)
- Apparat & Ellen Allien (frá Þýskalandi)



Mr. Silla

Beatmaking Troopa

Worm is green

ÞESSI OG FLEIRI ERU SKÍTSPÆLD MÆÐ BILADAN IPOD.

UNDRAGRÆJAN IPOD ER TVÍMÆLALAUST EINN BESTI OG VIN-SÆLASTI TÓNLISTARSPILARINN Á MARKAÐNUM Í DAG. UN-ANFARIÐ Hafa breskir ipodeigendur kvartað undan bil-unum í ársögömlum ipodum sínum og vita ekkert hvað er í gangi. Apple gefur þeim þau svör að líftími græj-unnar sé aðeins eitt ár og því ekkert hægt að gera.



# ER IPODINN ÞINN ROTIÐ EPLI?

Neytendur í Bretlandi eru æfir út í Apple-fyrirtæk-ið. Þeir sem keyptu fyrstu kynslóð Ipod-spilaranna fyrir einu, tveimur, eða þremur árum kvarta nú sár-an undan ástandi spilar-anna, en þeir virðast allir sem einn vera að gefa sig.

Apple seldi um tvær milljónir spilara í Bretlandi og því kannski ekki skrítið að sumir þeirra bili, en vandamálið er mun víðameira en einhver verk-smiðjugalli. Eins árs ábyrgð fylgir öllum spilurum en vandamálin fara að gera vart við sig fljótlega eftir að ábyrgðartímanum lýkur. Neytendur fá þau svör að líftími Ipod sé aðeins mið-aður við eitt ár og að Apple beri því enga ábyrgð á spilurum eftir þann tíma. Ekki eru enn til nein lög sem segja til hve líftími raftækja eigi að vera langur, en misskilningur um fimm ára lágmarkstímabil er algengur.

## SVÖV BREGST APPLE SEM ANNAD TÖLVUDRASL

Flestir í kringum mann eru komnir með Ipod. Algjör tiskugræja, vel hönnuð og beislar Mp3-byllinguna betur en nokkuð annað tæki sem lítið hefur dagsins ljós.

Nú á seinni árum hefur Apple-fyrirtækið orð-

STEVE JOBS ALLTAF EITTHVAÐ AÐ MONTA SIG.



ið samnefni fyrir gæði. Apple-tölvur eru vandaðri en PC og virðast bila sjaldn-ar. Þá þurfa Applenotendur ekki að óttast tölvumerði og þrjóta, þar sem vírusar í Appletölvum eru mjög sjaldgæfir. Ipodinn, sem er vissulega vönduð græja, er þó ekki laus við allar bilan-ir, en þeir sem eiga spilara ættu sjálfir að hafa lent í einhverjum vandræðum eða minnsta kosti þekkja einhvern sem hefur þurft að senda sinn spilara í eitt-hvað viðgerðarmambó.

## GERIST EKKI Á ÍSLANDI?

Samkvæmt „Óla“, starfsmanni á verkstæði Apple-búðarinnar, hafa þessi bresku neytenda-vandamál ekki látið á sér kræla héra heima. Óli segir að algengustu bilanir í Ipodum séu af því að fólk hefur misst þá, sett þá í þvottavél eða haft þá nálægt segulstáli. Þessi dularfulli við-gerðarmaður segir einnig að fólk vilji sjaldnast viðurkenna að tækið hafi fengið á sig högg og að það sé yfirleitt raunin. Ipod-eigendur á Íslandi ættu að athuga aldur tækisins sem fyrst og bíða og sjá hvað gerist eftir ársafmælið.

dori@minnsirkus.is



# MÚRAÐU DYRNAR Í KENSLU-MÁLARÁÐNUM AFTUR

Misnögdir hand- verkslæringar hafa í nátt múraðu dyrnar í kenslumá- ráðnum í Key- p- mannavn aftur.



Um leið 7.000 danskir læringar fá ekki lærupláss, og í nátt vístu nakrir

teirra sína misnögð við at múra dyrnar í kenslumá- ráðnum í Keypmannahavn aftur.



„BERTEL, TÚ ERT ÚTSTONGDURI!“ STÓÐ Á SKELTI UT- TAN Á MÚRIN.

Uttan á múrin, sum er triggjar metrar høgur, settu lærlingarnir eitt skelti, ið vísti teirra misnögð við kenslu- málaráðharran, Bertel Haarder. Har stóð: Bertel, tú ert útistongdur!

Í einum tíðindaskrivi sigu lærlimngarnir seg vóna, at ráð- harrin fer at brúka ta næstu tíð- ina til at loysa trupulleikan við vantandi læruplássum.

„Vit vilja fegnir sleppa til arbeiðis, so vit kunnu vera við til at loysa eldrabyrð- una, sum Bertel Haarder og onnur tosa um,“ stendur í tíðindaskrivinum.

LÆRLIMNGARNIR VÓNA AT RÁÐHARRIN BERTEL LOYSI TRUPULLEIKAN.



FÆREYSKA FRÉTTIN



ADALHEIÐUR ÝR ÓLAFSDÓTTIR



ELÍSBET THORLACIUS




EYDÍS EIR BJÖRNSDÓTTIR



MARINA KOVASEVIC



HALLDÓRA HRUND GUÐJÓNSDÓTTIR



HELGA MARÍA GUÐMUNSDÓTTIR



DÓRA SJÖFN ELLERTSDÓTTIR

# PRAVDA PRINSESSAN Á LAUGARDAG

PRAVDA, Í SAMSTARFI VIÐ ICELAND EXPRESS, SÓLBAÐSSTOFUNA SMART OG SMIRNOFF, STENDUR FYRIR KEPPNINI, PRAVDA-PRINSESSAN 2006. NÚ ER KOMIÐ AÐ ÚRSLITAKVÖLDINU. ÞAÐ FER FRAM Á PRAVDA Á LAUGARDAGSKVÖLD.

LESENDUR SIRKUSS GETA HAFT ÁHRIF Á ÚRSLITIN MEÐ ÞVÍ AÐ SENDA SMS Á NÚMER ÞEIRRAR STELPU SEM ÞEIR VILJA AÐ VERÐI KRÝND PRAVDA-PRINSESSAN 2006. STÚLKAN SEM VINNUR FÆR TVO MIÐA TIL UPPÁHALDS ÁFANGASTAÐAR SÍNS Í BOÐI ICELAND EXPRESS. PRAVDA-PRINSESSAN ER FYRST OG FREMST SKEMMTILEG KEPPNI OG ER ENGIN FEGURÐARSAMKEPPNI.

## VELDU ÞÍNA PRINSESSU

- ✓ SENDU SMS OG VELDU ÞÍNA PRAVDAPRINSESSU
- ✓ ÞÚ SENDIR SMS-IÐ JA „NR“ Á SÍMANÚMERIÐ 1900
- ✓ EF ÞÚ VILT TIL DÆMIS GEFA STELPU NR 2 ÞITT ATKVÆÐI SENDIR ÞÚ SMS-SKEYTIÐ JA 2
- ✓ MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT Í VALINU GETUR ÞÚ UNNIÐ FÖTU AF SMIRNOFF ICE Á SKEMMTI-STAÐNUM PRAVDA
- ✓ 99 KR SMS-IÐ

1 **STJÖRNUFRÉTTIR** 2 **LÍFSSTÍLL** 3 **ALVÖRU FÓLK**

# 3 RIÖÐ Í EINU

## *hér&nú*

Fimmtudagur 8. júl 2006 • 22. árg. • 2. útgáfa • Verð 395 krónur

### SAMEINUÐ Í GLÆSIVILLI

395kr.  
bláa /  
þrjú einu

LOGI, SVANHILDUR, SIGURÐUR KÁRI OG BIRNA  
KÆRASTAN HANS FLYTJA SAMAN Á MELHAGA



*hér&nú* kemur út alla fimmtudaga

KOMDU ÞÉR Í RÉTTA GÍRINN  
MEÐ RÉTTA STÖFFINU. ÞAÐ  
ER ALLTAF GAMAN AÐ BÆTA  
VIÐ SIG FLOTTUM GRÆJUM,  
NÝJUM ILMUM OG  
ÓMISSANDI SNYRTIVÖRUM.

# SUMARSTEMNING MEÐ RÉTTA STÖFFINU



1. Cartier er eitt af virtustu skartgripafyrirtækjum heimsins. Mikið af djásnum kóngafólksins kemur þaðan og slagorðið er „King Of Jewelers – Jewelers Of The Kings.“ Délices er nýjasta ilmvatnið frá Cartier og er því best lýst sem hinum fullkomna ilmi. Kvenlegur, fágaður, nýtskulegur og kynþokkafullur. Undirstaða ilmsins eru blóm á blóm ofan, með ávaxtaívaði og örliðu austurlensku kryddi.
2. Burberry fagnar 150 ára afmæli sínu og af því tilefni kemur á markað nýr dömuilmur sem heitir Burberry London.
3. Just Cavalli Her er nýr ilmur frá hönnuðinum Roberto Cavalli.

Dömuilmurinn er ferskur en samt sætur og aðaluppistaðan í honum er bergamat, kanill og blóm.

4. Just Cavalli Him. Ilmurinn er ferskur, flottur og tælandi eins og hönnun Roberto Cavalli er jafnan. Herrailmurinn er mildur viðarilmur og uppistaðan er bergamat, rósmarín, engifer, kardimomma, kóríander og musk. Flottur ilmur fyrir flotta stráka.
5. Marbert Lip, sumarlúkkið frá Marbert. Varalitapalletta, kemur í 2 litum. Einnig eru augnskuggapallettur í 2 litum fánlegar.

6. Guerlain Terracotta, gloss og gljái. Nýir Terracotta-glossar sem næra varirnar gefa þeim aukinn glans án þess að klístra. Glossarnir eru með mango/vanillu bragði og koma í sex litum.

7. Guerlain Terracotta Pearly Brush, nýjung í Terracotta-línunni, kemur bara í takmörkuðu upplagi. Þúðurburstana má nota á andlit og líkama og gefa þeir fallega perluáferð. Þetta er eitthvað sem allar dömur verða að eignast fyrir sumarið.
8. Ný lína í andlitslínunni frá Chanel. Þrjár tegundir af andlitsmóskum sem allir hafa sinn sérstaka Déstressant-eiginleika. Orkugefandi

maski sem gefur raka, næringu og aukinn ljóma. Frábær fyrir þreytta, líflausa húð eða fyrir þær sem vilja gefa húðinni aukinn ljóma og frískleika.

9. Nú hefur vinsæli gallabuxnaframleiðandinn Gas loksins látið út-búa fyrir sig snyrtivörulínu. Þetta er Gas Keep it simple-hárgelið sem stendur fyrir sínu.
10. Flott Gosh-augnskuggapalletta nauðsynleg fyrir alla.
11. Flott Stardust frá Gosh, kemur í öllum regnbogans litum.

## LOKUM BÚÐINNI Í SEPTEMBER

Í BAKPORTINU AÐ MÝRARGÖTU 2-8 Í REYKJAVÍK (Í SLIPNUM) ER TIL HÚSA, Í GAMALLI STÁLSMÍÐJU, TÍSKUVÖRUVERSLUNIN GUERRILLA STORE. EKKERT ANNAÐ EN NOKKUR PLAKÖT Í NÁGRENNINU GEFA TIL KYNNA AÐ HÉR SÉ AÐ FINNA SLÍKA VERSLUN. SIRKUS ÁKVAÐ AÐ LÍTA INN OG SPJALLA UM FYRIRKOMULAGIÐ, GENGI BÚÐARINNAR OG ALLT ÞAR Á MILLI.

Birna, sem er ein af fjórum rekstraradílum og eigendum COMME des GARÇONS, stendur bak við afgreiðsluborðið, við heilsumst og þar með hefst kjaftagangurinn. „Við erum fjórar, það er ég, Sonja Bent, Gurry Inga og Anna Koskinen,“ segir Birna um þá sem eru bak við þetta.

### HÁTISKUVARA Í ATHYGLISVERÐU OG SKAPANDI UMHERFI

Þetta er búð með mjög sérstöku sniði ekki satt?  
„Jú, það má með sannri segja það, en sérstada búðarinnar að undanskilinni vörnunni sem er til sölu er staðsetning hennar og gróf innanhúshönnun,“ segir Birna um búðina. „Guerrilla Store er markaðshugmynd eða íconcepti frá japanska hátískuhúsinu Comme des Garçons og eru vörur þess einungis seldar í búðinni,“ segir Birna um vörurnar.



FRÁBÆMR ILMIR FRÁ COMME DES GARÇONS

ar.  
En hvers vegna er búðin svona úr alfaraleið?  
„Hugmyndin er sú að bjóða uppá hátískuvöru í athyglisverðu, skapandi og fersku umhverfi,“ segir Birna um staðsetningu búðarinnar. „Við valid á staðsetningu er sóst eftir sérstöðu og tengingu við land og þjóð ásamt vissri fjarlægð frá verslunarkjarna borgarinnar,“ segir Birna hæstanægð með umhverfið.

### HVERFUR JAFNSKJÓTT OG HÚN BIRTIST

Hvernig virkar þetta concept?  
„Guerrilla búðin er einungis opin í eitt ár en þá hverfur hún jafnskjótt og hún birtist,“ segir Birna um fyrirkomulagið. „Búðin opnaði þann 24. september síðastliðinn aðeins nokkrum mánuðum eftir að hugmyndin kom upp, en þetta var ákveðið eftir lestur greinar í finnsku dagblaði,“ segir Birna.

### SÉRHÆFING Í ÓHEFÐBUNDinni HÖNNUN

Hvað er fyrirtækið að leggja áherslu á?  
„Comme des Garçons var stofnað í Tokýó árið 1973,“ segir Birna. „Fyrirtækið og ekki síst stofnandi þess Rei Kawakubo hefur síðan notið hylli á alþjóðlegum vettvangi fyrir sérhæfingu í óhefðbundinni hönnun, svokallaðri „anti-fashion“. Í hönnun Kawakubo má finna meiri atkitektúr en fagaðan stíl. Flíkurnar eru ýmist á

röngunni eða settar saman á einhvern allt annan máta en á að venjast,“ segir Birna og mælir með því að fólk kiki í heimsókn.

### ILMVATNSLÍNURNAR MJÖG EINSTAKAR

Eru þið bara með fatnað?  
„Alls ekki, við erum með ilmvatnslínur Comme des Garçons sem eru jafn einstakar og önnur hönnun Kawakubo,“ segir Birna um vörurnar. „Lyktirnar eru hugsaðar til dæmis út frá trúarbrögðum heimsins, eftirréttum í matarboði eða jafnvel tjöru. Um næstu mánaðarmót mun koma á markaðinn ný lína sem ber heitið Guerrilla 1 og 2 sem er mjög spennandi. Við höfum svo einnig hýst ýmis konar listaburði og raftónleika, svo það er fullt í gangi,“ segir Birna sem hefur í nógu að snúast.

[sigga@minnsirkus.is](mailto:sigga@minnsirkus.is)



GUERRILLA BÚÐIN

### FYRIR FORVITNA

Vefsíða: [www.guerrilla-store.com](http://www.guerrilla-store.com)  
e-mail: [plus354@guerrilla-store.com](mailto:plus354@guerrilla-store.com)




BIRNA EINN AF REKSTRARADÍLUM GUERRILLA Á ÍSLANDI

Sirkusmyndir: Heða

GUERRILLA STORE Í SLIPNUM

RÚNAR, JÓI OG GÍSLI, ÞESSIR ALVÖRU GAURAR ERU Í RÉTTÓ OG AUSTÓ. ÞEIR VERSLA Í SMASH OG GÍSLI FER Í FATA-SKÁPINN HJÁ BRÓSA SÍNUM.



Sirkusmyndir: Heiða

# FÓLKID Í KRINGLUNNI...

ÞÐ ÞESSU SINNI FÓR SIRKUS AÐRA LEIÐ EN VANALEGA HVAD VARÐAR TÍSKUNA. VIÐ HÖFUM VANALEGA FARIÐ „DOWN TOWN“ EN AÐ ÞESSU SINNI ÁKVÁÐUM VIÐ AÐ FÁ Í LIÐ MEÐ OKKUR FÓLKID Í KRINGLUNNI. UMHERFIÐ OG FÓLKID Í KRINGUM OKKUR GEFUR OKKUR INNBLÁSTUR HVAD VARÐAR TÍSKU SEM OG ALLT ANNAÐ. ÞESS VEGNA VAR ÁKVEÐIÐ AÐ FARA Á STÚFANA OG SJÁ HVADÁ HUGMYNDIR FÓLKID Á GÖTUNNI GETUR GEFIÐ OKKUR.



BJÖRG ER AÐ LÆRA FÖRÐ-UN Í EMM SCHOOL OG MAKEUP. HÚN ER 20 ÁRA OG ER YFIRSKART-GRIPASTJÓRI Í SPÚÚTNIK Í KRINGLUNNI.



HELENA ÁTTI AFMELI Í GER OG ER TILVONANDI SÁLFRÆÐI-NEMI. HÚN ER 23 ÁRA OG ER VERSLUNARSTJÓRI Í SPÚÚTNIK Í KRINGLUNNI. HELENA VERSLAR Í SPÚÚTNIK OG ROKKI OG RÓSUM.




VALA VERSLUN-ARSTJÓRI Í DER-ES Í KRINGLUNNI. VALA ER 23 ÁRA OG VERSLAR AÐAL-LEGA Í DERES, GYLLTA KETTIN-UM, CENTRUM OG SPÚÚTNIK.



ANDRI ER 21 ÁRS VERSLUNARMADUR OG HANN FÆR ÖLL FÖTIN SÍN Í ÞJÓB-LEIKHÚSINU. DAGUR VINUR ER 18 ÁRA OG ER KOKKANEMI HJÁ FJALARKETTIN-UM. HANN VERSLAR AÐEINS FÖTIN SÍN Í DANMÖRKU.

LÍNA ER AÐ VINNA Í SHOE STUDIO OG ER 18 ÁRA. LÍNA VERSLAR Í ALL SAINTS OG WHISTLES.



HLÍN ER 16 ÁRA OG ER AÐ VINNA Í RETRÓ Í KRINGLUNNI. HLÍN VERSLAR AÐEINS Í 17, DERES OG VERA MODA.

HÉR MÁ SJÁ  
BLÖDRUPILS  
EINS OG ERU SVO  
VINSÆL NÚNA.



# 17 ÁR HJÁ VOGUE

VERA WANG FÆDDIST Í NEW YORK 1949 EN FORELDRAR HENNA HÖFÐU FLÚIÐ ÞANGAÐ UNÐAN KOMMÚNISTABYLTINGUNNI 1947. HÚN ÁTTI SÉR ÞANN DRAUM AÐ VERÐA ÓLYMPÍUMEISTARI Á SKAUTUM EN ÞEGAR HÚN KOMST EKKI Í LIÐIÐ ÁRIÐ 1968 SKELTI HÚN SÉR Í SKÓLA Í SORBONNE Í PARÍS OG FÓR ÞAÐAN Í SARAH LAWRENCE COLLEGE Í BANDARÍKJUNUM. VERA WANG ÚTSKRIFAÐIST MEÐ GRÁÐU Í LISTUM OG ÁRIÐ 1970, AÐEINS 23 ÁRA, VARÐ HÚN YNGSTI RITSTJÓRI VOGUE-TÍMARITSINS OG VANN ÞAR Í EIN 17 ÁR. HÚN HÆTTI VIÐ AÐ LÆRA FATAHÖNNUN Í NEW YORK ÞAR SEM NÁMIÐ VAR BÆÐI DÝRT OG HÚN TALDI REYNSLUNA HJÁ VOGUE ÞÁ BESTU SEM HÆGT VAR AÐ FÁ. ÞEGAR HÚN HÆTTI HJÁ VOGUE STARFAÐI HÚN MEÐ RALPH LAUREN Í TVÖ ÁR EN AÐ LOKUM ÁKVAÐ HÚN AÐ LEGGJA FYRIR SIG BRÚÐKAUPSFAITNAÐ. HÚN OPNAÐI BRÚÐARKJÓLABÚÐ Í SJANGHÆ Í OKTÓBER 2005 OG EFTIR ÞAÐ LÁ LEIÐIN UPP Á VIÐ. HÚN VAKTI MIKLA ATHYGLI OG FÉKK VERÐLAUNIN INTERNATIONAL FASHION DESIGNER OF THE YEAR OG ER, LÍKT OG ANNA SUI, HEIMALANDI SÍNU TIL SÓMA.

HÖNNUÐURINN  
VERA WANG  
ÞAR SEM HÚN  
ER Á „TANGO &  
TAPAS“ Á FRICK  
COLLECTION  
(NEW YORK, 9.  
MARS).



24



SVART ER ALLTAF  
KLASSÍSKT.





Valið fæðubótarefni ársins 2002 í Finnlandi

# Minnistöflur



FOSFOSER  
MEMORY




Umboðs- og söluaðili  
sími: 551 9239  
[www.birkiaska.is](http://www.birkiaska.is)



flottar neglur með

# Fing'rs

naglasnyrtivörum



Fing'rs fæst í

Hagkaup, apótekum og snyrtivörudeildum víðsvegar um landið.

ÓLAFUR THORS, BARNA-BARNABARN HINS UPPHAFLEGA ÓLAFS THORS, ER ÚTVARPSMAÐUR Í RAPPÞÆTTINUM BLAUTT MALBIK. NÝLEGA EIGNAÐIST ÓLAFUR SAFN GLÆSILEGRA JAKKAFATA SEM HANN FÉKK FRÁ AFA SÍNUM THOR THORS, EN FÖTIN KOMA FRÁ GOÐSAGNAKENNDUM KLÆÐSKERUM Á GÖTUNNI SAVILLE ROW Í LONDON. Í KVÖLD ÆTLAR ÓLAFUR AÐ VÍGJA JAKKAFÖTIN, EN ÞÁ ER BLAUTT MALBIK PARTÍ Á PRIKINU.



ÓLAFUR THORS ER NOKKUÐ SMOOTH Í JAKKAFÖTUM FRÁ SAVILLE ROW.

# „ARMANI ER BARA REGN-GALLI“

„Armani er bara regngalli, þetta er bara alvöru,“ segir Ólafur Thors um glæsileg jakkaföt sín. Jakkafötin fékk Ólafur frá afa sínum, Thor Thors, en segist þó varla hafa erfð þau, „Ég er sá eini sem passa í fötin þannig að ég fékk þau.“ Fötin eru klæðskerasniðin frá götunni Saville Row í London sem er sögufræg gata, þekkt fyrir vönduðustu hönnuði Bretlands og finustu klæðskerana. „Þegar ég fór að láta stytta buxurnar spurði saumakonan mín hvort ég hefði hugmynd um hvaða gersemar ég hefði í höndunum, ég sagði auðvitað já, en þurfti að gúgla(google) nafnið þegar ég kom heim,“ segir Óli.

## FÖTIN STÍGA TIL HÖFUÐS

Ólafur, sem starfar bæði sem leiðbeinandi hjá Vinnuskóla Reykjavíkur og sem útvarpsmaður í útvarpsþættinum Blautt malbik á X-inu, segir að fötin hafi

haft mikil áhrif á sig. „Ég er orðinn svo hrokafullur að ég fer varla út úr húsi, hættur að tala við vini mína, ligg bara heima drekk kámpavín og hnyti bindishnúta,“ segir hann sprækur. Hann mun þó vígja jakkafötin í kvöld á skemmtistaðnum Prikinu, en þar verður haldið fyrsta partí sumarsins í nafni útvarpsþáttarins Blauts malbiks.

## EKKERT PARTÍ EINS OG BM PARTÍ

„Við verðum með partí á Prikinu í sumar á um það bil tveggja vikna fresti. Ætlum að reyna að fá upp einhverja stemningu af gamla-skólanum,“ segir Ólafur. Í partíinu verður Daníel Deluxe á plötuspilurinum og Dóri DNA á mikrafóninum. Þó gæti vel verið að fleiri aðilar láti ljós sitt skína, en kvöldið er fyrst og fremst partí en ekki tónleikar. „Ég sjálfur verð svo bara hrokafullur, með búgg á barnum. Það er nefnilega satt sem þeir segja um að gangsterar dansi ekki,“ segir Óli að lokum og hvetur alla til þess að mæta upp úr miðnætti í kvöld.



ÓLAFUR THORS LANGAFI OG NAFNI ÞÓTTI LÍKA FLOTTUR Í TAVINU.

Útvarp **X** 97.7

## X-LISTINN TOPP 20

SÆTI	FLYTJANDI	LAG
1.	The Raconteurs	Steady As She Goes
2.	Wolfmother	Dimension
3.	Mew	Zookeepers Boy
4.	Snow Patrol	You're All I Have
5.	Arctic Monkeys	The View From The Afternoon
6.	Placebo	Infra-Red
7.	Editors	All Sparks
8.	Dr. Mista & Mr. Handsome	Is This Love?
9.	Muse	Supermassive Black Hole
10.	Tool	Vicarious
11.	Richard Ashcroft	Music Is Power
12.	The Zutons	Why Wont You Give My Your Love
13.	Flaming Lips	Yeah Yeah Yeah Song
14.	Gomez	Girlshapedlovedrug
15.	Weezer	This Is Such A Pity
16.	Jakobínarína	His Lyrics Are Disastrous
17.	The Strokes	You Only Live Once
18.	Benny Crespo's Gang	Shine
19.	Red Hot Chili Peppers	Dani California
20.	Pearl Jam	Life Wasted

ÞAÐ ÞARF EKKI AÐ KOMA NEINUM Á ÓVART AÐ JACK WHITE OG FUNHEITIR VINIR HANS HAFI HRIFSAD TOPPSÆTIÐ.

FM957

## ÍSLENSKI LISTINN TOPP 20

SÆTI	FLYTJANDI	LAG
1.	Nylon	Losing A Friend
2.	Gnarls Barkley	Crazy
3.	Fall Out Boy	Dance Dance
4.	Shakira Ft. Wyckf	Hips Dont Lie
5.	Nickelback	Savin Me
6.	Black Eyed Peas	Gone Going
7.	Fort Minor	Where'd You Go
8.	Lucas Prada	And She Said
9.	Jack Johnson	Gone Going
10.	Teddy Geiger	For You I Will
11.	Drifskaft	17 Years
12.	Girl Next Door	Savin Jane
13.	Á Móti Sól	Hvar Sem Ég Fer
14.	Nick Lachey	Whats Left Of Me
15.	Kelly Clarkson	Walk Away
16.	Jeff Who?	Barfly
17.	Snorri Snorrason	Allt Sem Ég Á
18.	Pussycat Dolls	Beep
19.	Beverly Knight	Piece Of My Heart
20.	Nelly Furtado	Promiscuous

NYLON HEFUR KOMIÐ SÉR VEL FYRIR Í FYRSTA SÆTI MEÐ LAGIÐ LOSING A FRIEND.

# Sódóma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS.

## SKEMMTIÐIR

### FÖSTUDAGURINN 9. JÚNÍ



#### KRINGLUKRÁIN

Geiri Valt mætir eins og venjulega á Kringlúkránnu þar sem smá upphitun fyrir Sjómannadaginn fer fram á föstudaginn og svo Sjómannaherlegheitin sjálf á laugardaginn. Geirinn er alltaf sprækur sem engispretta og því eiga allir að fjölmenna niður í Kringlu, detta í einn ís og vaða svo í dansinn á Kránni.

#### OLIVER

Í kvöld er það afkvæmi sjálfs kölska, Dj Smørrebrød, sem leikur fyrir gesti skemmtistadans Olivers í kvöld. Hann staldrar þó ekki við lengi því um miðnætti dettur sjálfur Dj Daði í gang og flexar babarinn alveg til lokunnar. Tjah sagði einhver, þjúra gangster shit?

#### KAFFI VICTOR

Þeir orðrómar sem hafa flætt um alnetið að sjálfur Dj Jón Gestur Gröndal ætli að láta sjá sig á Victorum í kvöld eru sannir. Joe Guest eins og hann er kallaður í útlöndum mætir sprækur og lætur hitann flæða. Engin hætta á öðru.

#### CAFÉ PARIS

Café Paris er núna orðinn mjög evrópskur klúbbur þar sem allir eru í massa stuði, en sérstaklega á kvöldin. Um þessa helgi mun Nökkvi nokkur Svavars sjá um tónlistina og eins og hann segir alltaf, manstu ekki eftir mér, frábært hár. Svo eru líka loforð um að stelpurnar og strákararnir á barnum dansi kónga og skottís.

#### VEGAMÓT

Sumir menn heita falgum nöfnum og enn aðrir heita jafnvel falgri nöfnum. Þó eru til menn sem heita svo falgum nöfnum að meðalmaðurinn á bág með að bera þau fram. Dj Dóri er maður af þeirri sort. Hann flexar babarinn, eins og fagmaður á Vegamótum í kvöld. Sjáid manninn á bakvið nafnið.

#### PRIKIÐ

Í kvöld verður fyrsta Blauta malbik kvöld sumarsins á Prikinu en þau eru í boði útvarpsþáttarins sem næst á 977. Ekkert nema partí, Dj Daníel Deluxe á græjunum, Dóri DNA á mæknunum og jafnvel fleiri. Byrjar upp úr miðnætti. Kampavín og vindlar á tilboði.



#### HVERFISBARINN

Það er Dj S.T.E.F. sem sér um fönkið á Hvebbanum (nebbanum) á laugardagskvöldið. Þetta er litli maðurinn með stóra hjartað og stóra áfróid og væntanlega vita allir að hann er með Stærra Tippi En Flestir, eins og nafnið gefur til kynna.

#### THORVALDSEN

Klukkan er fögur...finndu mig á Thorvaldsen að kyssa gamla ísmola. Fjórið verður þar um helgina það er alveg víst, það er enginn annar en sjálfur Daddi diskó sem tekið hefur að sér bæði kvöldin og hann er sko ekkert að grínast.

### LAUGARDAGURINN 10. JÚNÍ

#### KRINGLUKRÁIN

Geiri Valt mætir eins og venjulega á Kringlúkránnu þar sem smá upphitun fyrir Sjómannadaginn fer fram á föstudaginn og svo Sjómannaherlegheitin sjálf á laugardaginn. Geirinn er alltaf sprækur sem engispretta og því eiga allir að fjölmenna niður í Kringlu, detta í einn ís og vaða svo í dansinn á Kránni.

#### ÓLIVER

Það er smurkonungurinn Smørrebrød sem sér um smjórið fram eftir kvöldi en á miðnætti þegar næturhaninn galar taka við Suzy & Elvis. Sem eru eins og allir vita nokkuð sleip í þessu fagi.

#### KAFFI VICTOR

Dj Jón Gjesý Gröndal sýnir það sem í honum býr og verður ber að neðan frá 02:36 fram á rauða nótt á Café Victor, Live 8!

#### CAFÉ PARIS

Café Paris er núna orðinn mjög evrópskur klúbbur þar sem allir eru í massa stuði, en sérstaklega á kvöldin. Um þessa helgi mun Nökkvi nokkur Svavars sjá um tónlistina og eins og hann segir alltaf, manstu ekki eftir mér, frábært hár. Svo eru líka loforð um að stelpurnar og strákararnir á barnum dansi kónga og skottís.



#### VEGAMÓT

Dj Paranoya og Dj Deluxe, eða Il Duce eins og hann er stundum kallar eru mættir á Vegó í kvöld. Það er ekki oft sem svona góðir plötusnúðar koma saman og því algjört möst að detta í bæinn og kíkja á tvo bestu snúða landsins í dag.

#### PRIKIÐ

Laugardaginn verður ekkert nema fita á Prikinu. Þeir Franz og Sverrir hefja kvöldið með nokkuð nettum tónum beint frá Evrópu og svo tekur plötuskaðvaldurinn Dj Kvikindi við. Eins og hreint og ferskt fjallaloft, ekkert nema hrein gæði.

#### HVERFISBARINN

Það er Dj S.T.E.F. sem sér um fönkið á Hvebbanum (nebbanum) á laugardagskvöldið. Þetta er litli maðurinn með stóra hjartað og stóra áfróid og væntanlega vita allir að hann er með Stærra Tippi En Flestir, eins og nafnið gefur til kynna.



#### THORVALDSEN

Klukkan er fögur...finndu mig á Thorvaldsen að kyssa gamla ísmola. Fjórið verður þar um helgina það er alveg víst, það er enginn annar en sjálfur Daddi diskó sem tekið hefur að sér bæði kvöldin og hann er sko ekkert að grínast.



#### NASA

Paparnir mæta loks með Sigganobb og Steina á Nasa laugardaginn 10. júní. Það er alveg búid að bóka það að Matti tekur lagið Jameson og búast má við alveg brjál stemmara. Síðast var pakkað langt í rassgat. Kúkúki.

### LANDSBYGGÐIN

#### DÁTINN

Það er allt jafn svakaleg stemning á Dátanum, en þar er frítt inn helgi eftir helgi. Plötusnúðarnir í kvöld eru engir aðrir en Dj Leibbi og Dj Sveinar. Brakandi fjör og skemmtanir, algjörlega bókað fram til 4. Á laugardaginn er það Dj Lilja, sem tók þátt í plötusnúðakeppni Frostaskjólís árið 2000, sem spilar og er það alveg garanterað að hún hefur engu gleymt.

#### SJALLINN – AKUREYRI

Á laugardagskvöld verður útskriftarfagnaður og endurfundur brautskráðra nemenda HA og mun Sérsvéitin sjá um dansinn. Húsið opnar fyrir gesti HA kl 21 en um miðnættið stígur Sérsvéitin á svið og þá vill vertinn fá 800 kall á kjaft fyrir miða.



#### YDALIR

Slaki babarinn eða hvað. Bara komið að fyrsta ballinu í Yðölum, skrallímon! Menn ferðast frá syðri Álaborg bara til að getað teigað einn kaldan þar. Svo verða spaðarnir í Svörtum fötum að spila. Alltaf í stuðinu.

#### PATREKSFJÖRÐUR

Sjómannahelgin á Patró...Í svörtum fötum að spila...bókað að ég mæti. Það held ég nú.

#### YELLO KEFLAVÍK:

Yello Yello. Það lendir enginn í klandri því að Dj Andri er að spila. Keflavík verður eins og kjötkveðjuhátíðin í Ríó þegar babarinn er tekinn við. Ekkert nema dansímon.



#### KAFFI AKUREYRI

Það er skemmtanalöggan sem stjórnar veislunni með kylfunni sinni á Kaffi Akureyri um helgina. Báða dagana, dans, svið, kossar og kannski smá káf, séu perrarnir í stuði.



# LEIKHÚS

## FÖSTUDAGURINN 9. JÚNÍ



### FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP

Drepfyndinn og rómantískur farsími um brúðkaupsdag sem fer á annan endann. Vinsælasta sýning Leikfélags Akureyrar frá upphafi er nú komin í Borgarleikhúsið.

Fullkomið brúðkaup er frábærlega skrifaður gamanleikur, hraður, fullur af misskilningi, framhjáhaldi og ást. Hann er sýndur bæði klukkan 20 og 23.



### VILTU FINNA MILLJÓN

Ingibjörg er í miðjum klíðum við að undirbúa afmælisboð húsbónda síns, hins ljúfa endurskoðanda Haralds. Það er von á gestunum á hverri stundu og Ingibjörg er á nálum vegna þess að Haraldur er seinn. Þegar Haraldur kemur loks heim er hann breyttur maður. Hann hefur í misgripum tekið ranga tösku á pósthúsinu og innihaldið hefur möguleika á að breyta lífi hans á svipstundu. Sýnt í Borgarleikhúsi.



### GALDRASKYTTAN-DER FREISCÜTZ

Óperan Galdraskyttan-Der Freiscütz er sýnd í Þjóðleikhúsinu. Þetta er samstarfsverkefni Sumaróperunnar, Sinfónúhljómshljómsveitar unga fólksins, Dansleikhússins og Listahátíðar í Reykjavík.

### FORSÝNING Í HAFNARFIRÐI

Forsýning á dansverkunum Rauðar liljur og No, he was white í Hafnarfjarðarleikhúsinu klukkan 20.



### RITSKOÐARINN

Ritskoðarinn er ferskt og flott leikrit eftir Anthony Nielson, þann sama og gerði verkið Penetrator sem var hér á landi síðasta sumar og vakti mikla athygli. Ritskoðarinn tekur á viðkvæmum málum á óvæginn hátt. Sýningar fara fram í húsnæði Sjóminjasafnsins í Reykjavík, Grandagarði 8 en Stefán Hallur Stefánsson og Elma Lís Gunnarsdóttir fara með aðalhlutverkin.

## LAUGARDAGURINN 10. JÚNÍ

### DANSARARNIR FRUMSÝNA

Dansverkin Rauðar liljur og No, he was white eru frumsýnd í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Rauðar liljur er nýtt verk eftir Sveinbjörgu Þórhallsdóttur. Eiríkur Orri Ólafsson og Kristín Valtýsdóttir sjá um tónlist, Hildur Hafstein um búninga og útlit og Gréta María Bergsdóttir er dramatúrg. Dansarar eru Saga Sigurðardóttir, Tanja Friðjónsdóttir og fleiri.

No, he was white er samstarfsverkefni leikara, dansara og tónlistarmanns frá fjórum löndum, og var unnið án leikstjóra og danshöfundar. Höfundar og þátttakendur eru Anne Tismer, Margrét Sara Guðjónsdóttir, Rahel Salvoldelli og Sveinbjörg Þórhallsdóttir.



### LITLA HRYLLINGSBÚÐIN

Litla hryllingsbúðin mætir aftur á svið Íslensku óperunnar á laugardag. Leikararnir þykja fara á kostum í þessari kraftmiklu uppsetningu sem er að slá í gegn. Nokkur sæti eru laus á sýninguna.

### VILTU FINNA MILLJÓN

Einvalalið gamanleikara fer með aðalhlutverk í Viltu finna milljón í Borgarleikhúsinu. Ingibjörg undirbýr afmælisboð ljúfa húsbónda síns Haralds, og er á nálum vegna þess að hann er seinn. Þegar Haraldur kemur loks heim er hann breyttur maður. Hann hefur í misgripum tekið ranga tösku á pósthúsinu og innihaldið hefur möguleikann á að breyta lífi hans. Uppselt.



### GALDRASKYTTAN-DER FREISCÜTZ

Óperan Galdraskyttan-Der Freiscütz var frumsýnd í Þjóðleikhúsinu fyrir viku og á laugardag er síðasta sýning. Þetta er samstarfsverkefni Sumaróperunnar, Sinfónúhljómshljómsveitar unga fólksins, Dansleikhússins og Listahátíðar í Reykjavík.

## SUNNUDAGURINN 11. JÚNÍ



### RITSKOÐARINN

Ritskoðarinn er ferskt og flott leikrit eftir Anthony Nielson, þann sama og gerði verkið Penetrator sem var hér á landi síðasta sumar og vakti mikla athygli. Ritskoðarinn tekur á viðkvæmum málum á óvæginn hátt. Sýningar fara fram í húsnæði Sjóminjasafnsins í Reykjavík, Grandagarði 8, en Stefán Hallur Stefánsson og Elma Lís Gunnarsdóttir fara með aðalhlutverkin.



### LITLA HRYLLINGSBÚÐIN

Sýnt í Íslensku óperunni klukkan 19. Nokkur sæti eru laus á sýninguna, sem er að selja allt upp.

### VILTU FINNA MILLJÓN

Sýnt í Borgarleikhúsinu klukkan 20.

### DANSVERK Í HAFNARFIRÐI

Á sunnudagskvöld er þriðja og síðasta sýning á dansverkunum Rauðar liljur og No, he was white. Nánari upplýsingar er að finna undir laugardeginum.

# REYKJAVIK.COM REYKJAVIKMAG

## Í **Reykjavík** er alltaf eitthvað sem er nýjasta **nýtt**

Líf, fréttir og viðburðir á ensku

Vefurinn **Reykjavik.com** og blaðið **Reykjavikmag** eru nýjar upplýsingaveitur á ensku.

Þær bjóða upp á **ferska umfjöllun** og nýjustu **upplýsingar** um allt sem **heimsborgin Reykjavík** státar af á hverjum tíma; **menningarviðburði**, **skemmtistaði**, veitingastaði, söfn, gallerí, **tísku**, verslanir og **næturlíf**.

Nýjustu fréttir frá Íslandi

**Reykjavíkmag** blaðið kemur út **hálfsmánaðarlega** og verður dreift um **alla borg**. Vefurinn **Reykjavik.com** flytur alltaf **nýjustu fréttir** frá Íslandi og er stöðugt uppfærður í **samstarfi** við **Fréttablaðið** og **NFS**.

Be prepared,  
**REYKJAVIK.COM**  
**REYKJAVIKMAG**



**Farðu alla leið ! Njóttu lífsins með  
heilbrigðum lífsstíl**

